

1. tölublað, 18. árgangur. Júní 2022

FRÍMÚRARINN



Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi



EPOXY GÓLFEFNI

Hafið samband og við ráðleggjum í vali
á bestu mögulegu lausninni.
Yfir 30 ára reynsla!



Miðhrauni 22b - 210 Garðabæ - Sími 617 8830 ssgolf@ssgolf.is - ssgolf.is

FRÍMÚRARINN

Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi
Skúlagötu 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

Netfang

ritstjori@frimur.is

Ábyrgðarmaður/YAR

Guðmundur Kr. Tómasson (R&K)

Ritstjóri

Pórhallur Birgir Jóseppson (X)
thorjose@simnet.is

Ritstjórn

Guðbrandur Magnússon (X)
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Ólafur G. Sigurðsson (X)
olafurs@granthornton.is

Bragi V. Bergmann (IX)
bragi@fremri.is

Arnar Þór Jónsson (VIII)
Arnar.Thor.Jonsson@domstolar.is

Pétur S. Jónsson (VIII)
pedro@medialux.com

Stefán Einar Stefánsson (VIII)
stefan.e.stefansson@gmail.com

Auglýsingar

Haraldur Haraldsson (IX)
frmrbladi@gmail.com

Örn Geirsson (IX)
oddisteina@gmail.com

Forsíðumynd:

Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar.

Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda.

Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal.“



Mynd: Guðbrandur Magnússon

Reglan heldur áfram að þróast og þroskast

Heimsfaraldurinn hefur óhjákvæmlega sett mark sitt á allt okkar starf í Reglunni. Samkomutakmarkanir þekkjum við því miður allt of vel. Eftir nærri hálf tveggja ár, sem einkennst hafa af sóttvarnareglum og heimasetum, fór starf okkar aftur að taka við sér nú á vordögum. Útgáfa blaðsins okkar, Frímúrarans, fór ekki varhluta af áhrifum faraldursins og hefur útgáfu þessa tölublaðs því seinkað meira en við hefðum viljað. Vonum við að bræður sýni því skilning og um leið að útgáfa blaðsins eflist í framhaldinu eins og annað starf í Reglunni.

Ætla mætti að takmarkanir þær, sem samkomuhald var undirorpið, hafi lamað alla starfsemi Reglu okkar, en því fer fjarri. Hér í blaðinu má fræðast um öfluga starfsemi sem bræðurnir hafa unnið, oft einir, stundum í smærri hópum og loks á fjölmennum fundum þegar slakað var á takmörkunum. Tvennt stendur þar upp úr: Afar vel heppnuð ráðstefna um Alzheimer-sjúkdóminn skæða og Akureyrardagurinn, þar sem um 180 bræður sóttu mikla fræðaveislu.

Þessir viðburðir eru sérlega góður vitnisburður um hið öfluga starf sem unnið er án þess mikið beri á en springur síðan út með glæsibrag. Fræðslunefnd Frímúrarareglunnar á sannarlega heiður skilinn fyrir þann kraft og þá elju sem að baki liggur.

Rúnarbræður undirbúa stórafmæli stúkunnar og eru því gerð góð skil í blaðinu, annars vegar með samantekt Braga V. Bergmann um stúku á þessum tímamótum, hins vegar

með úrdrætti úr erindi Stefáns Einars Stefánssonar á Akureyrardeginum um Sr. Friðrik Rafnar, sem var Stm. Rúnar og fyrsti Stm. St. Andr.st. Huldur auk þess að verða fyrstur frímúrara til að hljóta biskupsvígslu.

Þá er vert að geta þess að í þessu ástandi, þegar á yfirborðinu virtist sem kyrrstaða ríkti á öllum sviðum, var þó ýmislegt að gerast. Þrátt fyrir alla óáran heldur Reglan áfram að þróast og þroskast og á Stórhátíð á liðnum jafndægum tilkynnti SMR um merkan áfanga á þroskabrautinni: Stofnun embættis Kantors Reglunnar. Jafnframt greindi hann frá því að fyrstur til að gegna þessu viðamikla embætti er br. Jónas Þórir Þórisson sem um árabil hefur verið Söngstjóri Landsstúkunnar. Stofnun embættis Kantors vísar veginn til þess að tónlistariðkun í stúkum Reglunnar taki framförum á öllum sviðum. Br. Jónasi Þóri er hér óskað velfarnaðar í hinu nýja og mikilvæga embætti.

Þessi tími heimsfaraldurs hefur vissulega kennt okkur margt. Hann hefur sannarlega verið þraut, en um leið höfum við séð að með stöðugri vinnu og stöðugri leit að ljósinu sem lýsir okkur veginn tekst okkur um síðir að sigrast á erfðleikunum.

Sumarið er nú framundan og við skulum minnst þess sem við rifjum upp hvert vor að starfinu lýkur ekki að vori, hver og einn heldur áfram uppbyggingunni með sér og sínum.

Pórhallur Birgir Jóseppson

Ég er frímúrari



Ljós. Jón Svavarsson

Tímanum í Reglunni er alltaf vel varið

-segir Guðjón Norðfjörð, sem vinnur markvisst í því að bæta sjálfan sig

Guðjón Norðfjörð er góð fyrirmynd Reglubræðra, brosmildur, jákvæður, einlægur og með einstaklega góða nærveru. Sjálfur hef ég notið góðs af hjálpssemi hans og bróðurþeli. Mig langaði að forvitnast nánar um það hvert hann sækir styrk sinn og lífsgleði.

„Ég er fæddur á Landspítalanum í janúar 1970, en segja má að þar hafi ég fyrst séð eiginkonu mína, hana Örnú, þriggja daga gamla í bleiku þar sem mæður okkar lágu saman á

fæðingadeildinni, en svo hitti ég hana aftur 22 árum seinna.“

Ætlaði að verða prestur

Í dag er Guðjón sviðsstjóri rekstrarráðgjafar og viðskiptaþjónustu hjá EY endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtæki. „Ég hef verið innan endurskoðunar- og ráðgjafargeirans í um 23 ár. Annars ætlaði ég alltaf að verða prestur en systir mín kom eitt sinn að mér þar sem ég sat undir vegg, líklega fimm ára, að lesa Nýja testa-

mentið á hvolfi, og lýsti því yfir að ég ætlaði að verða prestur.“

Þau hjónin eiga þrjú börn, 17, 21 og 25 ára. „Ég er alinn upp í Sandgerði þar sem var gott að alast upp. Best var frelsið sem við krakkarnir höfðum til að leika okkur, veiða og vinna. Ég vann á sumrin og með skóla við alls konar fiskverkun og landanir úr skipum sem gat verið erfiðisvinna og langir vinnudagar.“



Dýrmætt að kynnst sjómennskunni

Guðjón fór í Fjölbautaskóla Suðurnesja eftir 10. bekk en tók sér hlé frá námi 19 ára gamall og fór á sjóinn í tæp tvö ár. Á þeim tíma var gríðarleg skipaumferð og margir togarar á Suðurnesjunum, sem voru seldir í burtu að miklu leyti á árunum 1986-1990.

„Það var dýrmætt að kynnst sjómennskunni, vera hluti af litlu teymi sem þurfti að vera samheldið til að allt gengi upp. Ég var aðallega í lestinni að flokka fiskinn og ísa hann en var einnig við vinnu uppi á dekki.“

Á þessum tíma varð slys í Vestmannaeyjum þar sem ungur maður, í svipuðu hlutverki og Guðjón, flæktist í trollinu og féll útbyrðis og lést. „Þarna vorum við allir skyldaðir í öryggislínu þegar við vorum við vinnu uppi á dekki. Ég var því meðvitaður um að þetta var hættuspil. Að vera í stórsjó á hafi úti breytir dálítið afstöðu fólks til lífsins. Þetta umhverfi allt var hollt fyrir mig sem barn, en

ekkert endilega sem ungling. Svólítið eftirlitslaust og ég var dálítið ráðvilltur þegar fullorðinsárin nálguðust.“

Dimmur dalur depurðar og kvíða

Guðjón segist hafa um tíma gengið um „dimman dal“, sem helst tengdist áfengi. „Í fjölskyldunni er saga um kvíða. Ég glímdi við kvíða sem barn og einnig á unglingsárunum sem síðan þróaðist út í depurð og jafnvel þunglyndi. Í janúar 2008 sagði ég skilið við áfengi og studdist við 12 spora kerfið við það. Þetta varð vendipunktur í mínu lífi, bæði hvað varðar lífsviðhorf og velgengni í því sem ég hef síðar tekið mér fyrir hendur. Algjör viðsnúningur varð á viðhorfum mínum og lífssýn. Það er margt sem dynur á okkur og sjálfur þurfti ég að ganga þessa þrautagöngu sem á sama tíma hefur kennt mér margt. Stundum finnst mér eins og ég hafi verið borinn áfram og fengið vernd sem kom mér í gegnum oft ansi erfiðan tíma.“

Kannski prestur eftir allt saman?

Guðjón segir að systir hans, sem er sex árum eldri en hann, hafi á svipuðum tíma gengið í gegnum erfiðleika vegna alvarlegra veikinda. Það æxlast síðan þannig að dóttir hennar fór að hvetja hana til að koma á samkomu í Hvítasunnukirkjunni, en þangað hafði dóttir hennar farið í nokkur skipti með vinkonu sinni. „Systir mín var treg til en ákvað þó að mæta þangað á samkomu. Þar fann hún gleði og styrk, fékk vettvang til að vinna úr veikindum sínum og læknaðist með fyrirbænum sem gerði henni kleift að hætta á þeim lyfjum sem hún tók og öðlast algjörlega nýtt líf.“

Guðjón segir að hann, mágur hans og fleiri í fjölskyldunni hafi haft nokkrar áhyggjur af þessu, og átt erfitt með að trúá því sem var að gerast. „Af þessu leiddi að við fjölskyldan urðum forvitin um þetta en eitt leiddi af öðru sem varð til að við fjölskyldan erum í Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu. Ég hef predikað nokkrum sinnum á samkomum í kirkjunni, líka á unglingsamkomum, í Seltjarnarneskirkju og fyrir norðan, þannig að kannski er ég að stíga inn í prestshlutverkið eftir allt saman!“

Við skulum vera glöð meðan við erum hér

Guðjón gekk í Frímúrararegluna í janúar árið 2015, í St. Jóh.st. Eddu og er nú kominn á VI°.

Hann segist sjá margt líkt í þessu tvennu, kirkjustarfinu og Reglunni, sem kannski mætti kalla uppeldislegan þráð. „Í Reglunni fæ ég að reyna sjálfur það sem ég fæ að heyra í kirkjunni. Ég spyr mig oft hvers vegna við eigum svona erfitt með að læra og meðtaka það sem Biblían kennir okkur, eins og boðskapinn um gleðina.“

Guðjón segist hafa velt þessu fyrir sér í predikun nýlega „Við eigum að vera tengd almættinu og vera vakandi. Ef við erum ekki í slíku sambandi þá kynnumst við ekki Guði og þekkjum ekki boðskapinn. Það er eins og að eiga vin sem maður heyrir aldrei í, maður getur ekki þekkt hann mjög vel. Í framangreindri predikun velti ég því upp að of oft þjáumst við um of af áhyggjum, depurð og fleiru. Í Biblíunni er mikið af versum sem fjalla um gleðina, t.d. í Filippibréfinu 4:4-7, sem eru sterk orð sem hvetja okkur til að vera alltaf glöð.“

Hann bendir á að Viktor Frankl velti þessu fyrir sér í „Leitinni að tilgangi lífsins“. „Menn geta verið í dimmum dal en samt verið glaðir í þeirri vissu að allt verði í lagi. Jafnvel í dauðanum. Fögnuðurinn er í því fölginn að eiga örugga himnavist. En við skulum þó vera glöð meðan við erum hér.“

Stiltilt áttavitann upp á nýtt

Guðjón segist hafa meðtekið svo margt sem hann vissi ekki áður, á sinni trúargöngu. „Margs konar fyrri hugmyndir mínar leiðréttust og ég stiltilt áttavitann upp á nýtt. Þegar ég kom inn í Regluna kynntist ég umgjörð sem fékk mig til að hugsa einmitt um þetta. Biblían talar um að við eigum að elska náungann eins og okkur sjálf en Páll postuli gengur í raun enn lengra: Við eigum í raun að láta náungann ganga okkur framár. Við eigum ávallt að teygja okkur eftir því góða og vera meðvitaðir um það. Meðvitundin skiptir máli því það er svo auðvelt að vera ótengdur og í raun andlega fjarverandi. Tengingin

skiptir miklu máli því Reglan hvetur okkur til að vera í lóðréttri tengingu, upp á við.“

Það er áberandi í Reglunni hve mikill kærleikur er milli manna sem gerir það að verkum að maður er óhræddur að sýna kærleika. Þetta er sterkt bræðrasamfélag, þar sem menn upplifa mikið traust. Guðjón bendir á að í grísku sé gerður greinarmunur á AGAPE, sem er skilyrðislaus kærleikur sem Guð einn getur gefið, og FILIO, sem er skilyrtur kærleikur á borð við þann sem við mennirnir iðkum. „Þegar eitthvað bjátar á, viku kærleikurinn oft í mannlegum samskiptum. Af hverju getum við ekki elskað hvert annað skilyrðislaust og lifað kærleiksríku lífi? Þetta er vissulega háleitt markmið, en mig langar til að gera mitt allra besta til að vera þannig.“

Guðjón telur að ein besta leiðin til góðra verka sé að eiga samfélag við Guð. „Líta má á Biblíuna sem vegvísi, sem leiðsögn um góðan lífsstíl, en svo getum við líka verið í nánú sambandi við almættið með bæn og þakkar-gjörð. Ég nefni þetta því ég velti því fyrir mér hvernig við náum mestum árangri í þessu, með þakklæti, um-burðarlyndi og elsku gagnvart náung-anum.“

Þarft að reyna á þig ef þú vilt ná árangri

„Hvernig verðum við góðar fyrirmyndir?“ spyr Guðjón og svarar spurningunni sjálfur: „Ekki með því að tala bara um hlutina, heldur með því að sýna gott fordæmi. Það sem við segjum má ekki hljóma sem yfirlæti. Áföll og þrautaganga breyta manni og leiða mann á nýjar brautir. Við þurfum að vera tilbúnir í þá vegferð sem Reglan býður okkur í. Við þurfum að vilja þá breytingu sem í þeirri vegferð felst. Í mínum huga er þetta þó það eina sem í raun skiptir máli því ég trúi að þessi vegferð okkar hafi mikil áhrif á okkur til góðs. Hjarta mannsins upphugsar veg hans en Drottinn stýrir gangi hans, eins og segir í Orðskviðunum 16:9, og því er mikilvægt að hafa Guð með á göngunni.“

Hann segir í sjálfu sér merkilegt að Reglan skuli lifa. „Hún eltist ekki við tíðarandann. Hún byggir á gömlum og traustum grunni, veitir aga og utanumhald og stendur þannig styrkum fótum. Ef Reglan ætti að laga sig



Guðjón Norðfjörð í vinnunni.

Ljós. Jón Svavarsson

að mér þá myndi ég ekki læra mikið. Til þess að starfð í Reglunni hafi um-breytandi áhrif þurfum við að hafa eitthvað fyrir því, eitthvað meira en að mæta bara á fundi, annars held ég að það verði lítil breyting.“

Tímanum í Reglunni alltaf vel varið

Guðjón segist mega vera duglegri að mæta á bókasafnið, þótt hann lesi ýmislegt annað. „En ég hugsa mikið um hvernig ég geti haft áhrif. Ég get ekki haft áhrif á allan heiminn í einu, en ég get byrjað á sjálfum mér og vonandi verið fyrirmynd sem hefur áhrif á aðra. Þetta er alltaf þessi spurning, hvernig maður geti orðið betri maður fyrir sjálfan sig og aðra.“

Þeir sem öðlast inngöngu inn í Frí-

múrararegluna hafa sannarlega tækifæri til þess að bæta sig, að mati Guðjóns. „Það getum við gert með því að mæta á fundi, lesa á bókasafninu og hafa stuðning og samfélag við aðra bræður sem eru á sömu vegferð. Þarna gefst okkur með öðrum orðum gullið tækifæri til að hjálpast að á þessari leið. Innganga í Regluna er með bestu ákvörðunum sem ég hef tekið í lífinu. Tíma mínum þar er alltaf vel varið og hafa Reglan og bræðurnir haft jákvæð áhrif á mitt innra líf en líka hvernig ég lifi lífinu dags daglega,“ segir Guðjón að lokum.

Arnar Þór Jónsson



Stikla úr veislunni miklu sem haldin var á vegum United Grand Lodge of England, UGLE, í London árið 1925 í Olympia-höllinni í London.

Stærsta frímúraraveisla í heimi

Í safni bresku stofnunarinnar Brithish Pathe má finna athyglisverðar þöglar heimildarmyndir, sem og aðrar kvikmyndir og kvikmyndabúta frá ýmsum tímabilum fortíðarinnar. Þessa síðu má finna á eftirfarandi hlekk: <https://www.britishpathe.com>

Ein af þeim fjölmörgu kvikmyndum sem þar eru varðveittar er kvikmynd frá stærstu veislu sem talið er að haldin hafi verið í heiminum. Veislan var haldin á vegum United Grand Lodge of England, UGLE, í London árið 1925 í Olympia-höllinni í London. Þessi veisla innihélt um 8 kílómetra af borðum og 1.300 þjónustustúlkur þjónuðu til borðs í veislunni sem um 8.000 frímúrarar sóttu.

Liður í fjársöfnun

Nánari lýsing á þessari veislu birtist í tímaritinu Freemasonry Today þann 9. júlí 2015 sem við grípum hér niður í.

Þessi sögulegi viðburður og hádegisverður var haldinn laugardaginn 8. ágúst 1925 til söfnunar fjármuna í húsbýggingasjóð Million Memorial Fund, sem hafði það markmið að byggja hið veglega aðsetur frímúrarar og Regluheimili í London. Nafn sjóðs-

ins gefur til kynna hvaða upphæð var markmið að ná með söfnuninni.

Viðburðurinn var sem fyrr segir haldinn í Olympia-höllinni í London og gengu sérstakar lestir þann dag til að flytja um 8.000 frímúrarar á staðinn. Boðið var upp á fimm rétti: lax, lambakjöt og kjúkling að viðbætti York-skinku og kaffi og með því sem eftirrét – og allt þetta á um einni klukkustund. Notaðir voru 50.000 diskar, 30.000 glös, 30.000 hnífar, 37.000 gafflar og 15.000 teskeiðar.

Gestir leystir út með gjöfum

Miðlægur samskiptaturn var settur upp í salnum með merkjabúnaði til samskipta við veitingamenn sem höfðu umsjón með viðburðinum. Því til viðbótar var hátalarakerfi með mögnurum sem gerðu öll samskipti góð og allir matargestir gátu heyrt fluttar ræður skýrt og greinilega. Tónlistaflutningur var í höndum Þjóðvarðliða Wales, Welsh Guards.

Í lok máltíðarinnar fengu gestir sérhannað eldspýtuholstur með mynd af viðburðagimsteini á annarri hliðinni og skjaldarmerki Frímúrarareglunnar í Englandi, UGLE, á hinni. Að auki var vindlinga- og vindlahulstrum dreift til gesta.

Þetta var glæsilegur viðburður í alla staði og hægt er að sjá þessa mögnuðu veislu á vef British Pathé sem talið er vera besta fréttamyndasafn í heimi.

British Pathé – stórmerkilegur vefur

Á vef British Pathé má finna fjársjóð 85.000 kvikmynda sem eru óviðjafnanlegar hvað varðar sögulega- og menningarlega þýðingu. Safnið spannar árin frá 1896 til 1978 og inniheldur myndefni frá öllum heimshornum af stórviðburðum, frægum andlitum, tískustraumum, ferðalögum, vísindum og menningu. Hægt er að skoða allt skjalasafnið ókeypis á netinu í gegnum vefsíðu þeirra og á YouTube. Fyrirtækið er einnig sýnilegt á öðrum samfélagsmiðlum.

British Pathé rekur einnig þjónustu á netinu sem kallast „British Pathé TV“, sem er valkostur við almennar sjónvarps- og útvarpsrásir og miðar að því að höfða til sérhæfðra áhorfenda.

Heimsæktu www.britishpathe.tv og sjáðu hundruð heimildamynda og sígildra kvikmynda í fullri lengd.

*Guðmundur Viðarsson,
Ljósmyndavörður Reglunnar.*

Ég er frímúrarari



Vigfús Bjarni Albertsson.

Öll úrvinnsla er tilfinningalegt ferðalag

– segir Vigfús Bjarni Albertsson, forstöðumaður sál-gæslu- og fjölskylduþjónustu Þjóðkirkjunnar

Vigfús Bjarni Albertsson hefur verið áberandi í starfi sínu sem sjúkrahússprestur og þjónandi forystumaður á sviði sál-gæslu og sem kennari við Háskóla Íslands, auk þess sem hann gegnir nú hlutverki varaþingmanns. Ég kynntist honum betur þegar ég stundaði nám í sál-gæslu undir hans handleiðslu. Vigfús er heil-

steyptur, yfirvegaður, elskulegur og hjartahlýr. Vinátta okkar hefur vaxið með árunum. Í starfi sínu og lífi hefur Vigfús kynnst lífinu frá flestum hliðum og séð bæði ljós og skugga, gleði og sorg.

–Segðu okkur aðeins frá bakgrunni þínum og námi.

„Ég er fæddur í Reykjavík 10.

febrúar 1975 og alinn upp bæði í borginni og svo á Laxamýri í S.-Þingeyjarsýslu, þar sem ég dvaldi langdvölum bæði að sumri og vetri hjá ættingjum mínum sem þar búa. Það má því segja að ég sé mótaður bæði af borg og sveit, þótt ég sé náttúrubarn í eðli mínu.

Nánar um þetta get ég sagt að ég sé mótaður af sigrum og ósigrum míns fjölskyldulífs, en lífið leiddi mig snemma í glímu við stórar tilvistarspurningar. Ég leitaði í spurningar



2022 (C) MOTIV, Jón SEM.

Ljósfr. Jón Svavarsson

sem hafa með mannlegt eðli að gera, tilveru og þjáningu. Þetta leiddi mig út á braut sem lá svo inn á slóð guðfræðinnar. Í sveitinni kynntist maður hringrás lífsins og forgengileika, en líka heilagleika: Afli náttúrunnar, virðingu fyrir lífi og hvernig allt líf er háð öðru lífi.“

Lífið knýr okkur til að líta inn á við

„Ég fékk uppeldi sem kenndi mér mikið og leiddi mig til þroska. Ég kynntist bæði breyskleika fólks og miklum kærleika fólks. Oft var þar um að ræða sama fólkið. Með auknum þroska og lífaldri sér maður að við erum öll að fást við þetta sem mann- eskjur. Lífið knýr okkur til að líta inn á við, án aðgreiningar. Enginn fer í gegnum þessa jarðvist án þess að þurfa að sitja uppi með sjálfan sig og skoða ljós sitt og skugga. Það er æskilegt fyrir okkur öll að fara í gegnum slíkt ferli. Margir gera það, en ekki

allir. Flóttaleiðirnar eru margar, t.d. að líta út fyrir sig en ekki inn á við og leita lausna sem eru utan við okkur en ekki innra með okkur.

Skólaganga mín var hefðbundin, ég fór í grunnskóla hér í bænum og svo í MS. Fór svo eitt ár í skógarhögg til Danmerkur eftir menntaskóla. Tók þar ákvörðun um að fara að læra til prests, öllum að óvörum. Hóf það nám árið 1996 og starfaði meðfram námi allan tímann sem lögreglumaður. Það var þroskandi líka og leiddi mig inn á þær brautir að gera sál-gæsluhlutverk prestsins að aðalstarfi mínu. Fimm árum eftir útskrift fór ég til Minnesota í þriggja ára nám í sorgar- og áfallameðferð. Það var þverfaglegt nám fyrir verðandi presta, geðlækna og sálfræðinga. Áhersla mín var presthlutinn.“

Viðkvæmstu og stærstu stundirnar

„Þegar ég kom heim eftir 8 ára nám var ég búinn að ákveða að vilja helst vinna sem sjúkráhuþsprestur. Vann í eitt ár á barna- og unglingageðdeild LSH sem ráðgjafi, var svo ráðinn sem sjúkráhuþsprestur á LSH árið 2005. Þar vann ég samfleytt til 2018 þegar ég gerðist starfsmannastjóri Þjóðkirkjunnar í eitt ár að beiðni biskups, en fór svo aftur í mitt fyrra starf. Árið 2021 varð ég svo forstöðumaður sál-gæslu- og fjöl-skylduþjónustu Þjóðkirkjunnar og rek þá miðstöð í Háteigskirkju.

Sem sjúkráhuþsprestur vinnur maður með fólki og fjölskyldum á viðkvæmstu og stærstu stundum þess. Þetta felur í sér trúnaðarsamtöl, inn-grip inn í stór slys og alvarlega atburði, samfylgd og eftirfylgd. Þetta er mikil tilfinningavinna þar sem maður fær tækifæri til að vera gestur í lífi fólks, ganga til fundar við það sjálft, umhverfi þess og aðstæður. Þetta er vinna sem byggir á algjörum trúnaði, þar sem fólk er algjörlega berskjaldað fyrir lífinu.“

–Hvernig gekk þér að varðveita sjálfan þig í þessu starfi?

„Svona hlutskipti er þakklátt hlutskipti. Auðvitað koma tímar og dagar þar sem maður skilur þessi verkefni ekki alveg eftir. Sum hafa varanleg áhrif á mann. Mikilvægt er að rækta bæði heilbrigða sjálfsmynd, tengingu

við annað fólk, og tengsl við æðri mátt. Þetta skiptir allt máli.“

„Þegar maður er knúinn til fundar við sjálfan sig“

„Kannski hættir okkur til að líta lífið of alvarlegum augum. Frammi fyrir allri alvörunni er mikilvægt að geta leitað í annan veruleika, annað fólk, aðrar aðstæður. Þá er ég ekki að tala um neinn flótta, en það er mikilvægt að sjá lífið sem vegferð en ekki sem einn atburð eða röð atburða. Í allri þessari sáru reynslu hef ég líka oft greint mikla von. Það veitir mikla von að fá að fylgjast með upprisu fólks í þessu jarðneska lífi. Þjáningin sjálf göfgar ekki, heldur er það úrvinnslan sem göfgar fólk. Það þarf að hjálpa fólki í átt til úrvinnslu og vonar. Margar tilfinningar geta tafið okkur á þessari vegferð, en um leið geta þær verið aflvaki. Öll úrvinnsla er tilfinningalegt ferðalag. Þetta ferðalag er mislangt í tilviki fólks. Sumir eru hálf ár að vinna úr hjónaskilnaði, aðrir áratugi og sumir vinna aldrei úr hlutunum. Tjáningargeta kynslóðanna er mismunandi og hefur aukist. Það er mjög til bóta.

Það er mjög gott að fólk vilji frekar leita sér aðstoðar. Öll stóráföll í lífinu kalla á einhvers konar úrvinnslu. Það fer mikil orka í að halda þessum varnarháttum niðri, þ.e. þegar við kjósum að takast ekki á við áföllin okkar. Það getur leyst fólk úr miklum viðjum að gangast við reynslu sinni og skilja hvernig hún hefur áhrif á líf manns og samskipti. Þetta er þó vissulega erfitt skref að stíga og oftast fer fólk þangað af því fólk þarf þess, t.d. á krossgötum lífsins, þegar áföll knýja okkur til dæmis til að takast á við uppruna sinn og forfeður; þegar maður er knúinn til fundar við sjálfan sig.“

–Þetta er vafalaust verulega óþægilegt ferli?

„Já, það getur verið mjög óþægilegt fyrir þann sem þarf að feta þessa braut. Eðlilega forðast menn slíkt uppgjör við sjálfa sig og aðra. Það er eðlilegt að menn forðist það, en ekki æskilegt. Þegar menn forðast slíkt uppgjör getur það til dæmis birst í því að menn eru ekki í réttum tengslum við sjálfan sig og fólkið sitt, leita



Ljós. Jón Svavarsson

stöðugt út fyrir sig og nema ekki staðar. Þetta getur birst í óþoli gagnvart fólki og sjálfum sér, óheilbrigðri sýn á sjálfan sig og aðra, erfðum tilfinningum svo sem dómhörku og gremju, ómeðvitaðri skömm um sjálfan sig, hver maður er. Þá fer viðkomandi að gera óraunhæfar kröfur á sjálfan sig og aðra.

Ég hef verið sá lánsmaður að vinna með fólki þegar það lendir í áföllum og gerir upp áföll, sem eru að eiga sér stað og stundum langt aftur í tímann. Áföll geta verið 3ja-4ra kynslóða kerfi.“

Vinnutæki sálgæslunnar er spurningin

-Er erfitt að fá fólk til að opna á þetta?

„Vinnutæki sálgæslunnar er spurningin. Þegar þú spyrð fólk ertu alltaf að virða sjálfræði þess. Þú ert þá að leiða fólk til fundar við sig sjálft. En það stýrir sjálft ferðinni. Maður hefur oft betri sýn inn í líf annarra en sjálfs sín.

Lífssaga hvers og eins geymir

yfirleitt fleiri áföll en við gerum okkur grein fyrir. Við getum ekki borið saman áfallasögu fólks. Flestir hafa einhverja þörf til að takast á við eilífðarspurningarnar, en það er mismunandi dýpt í spurningunum. Þetta er samtal sem byggir á forsendum þess sem spyr, ekki þess sem er í hlutverki sálgætis.

Á síðustu metrunum sér maður fólk stundum leggja niður egóið sitt, en stundum reyndar eykst það. Dauðinn er mjög afhjúpandi stund. Ég hef kynnst unglíngum sem eru með meiri þroska en gamalt fólk. Ég hef séð það leggja niður egóið, setja fram setningar, orð og athafnir, sem gera öllum auðveldara að takast á við það sem kemur á eftir. Aldur er ekki sjálfkrafa þroskandi fyrirbæri. Ég hef kynnst mjög ungu fólki sem hefur heilað fólkið sitt með því að leggja sjálft sig til hliðar. En stundum gera menn þetta erfitt og taka aðra nánast í gíslingu.

Við sjáum stundum eitthvað í öðrum sem við sjáum alls ekki í okkur sjálfum. Stundum væri betra að hlýða

orðum Krists og skoða sjálfan sig en ekki annað fólk. Hann tekst á við sjálfan sig í freistingasögunni í eyðimörkinni, samanber Lúkasarguðspjall.

Kristin trú hefur fært mér von og æ meiri mildi gagnvart öðru fólki. Hún hefur fært mér alltaf dýpri og dýpri visku um hvað við þurfum að leita mikið inn á við. Hún hefur líka fært mér hugrekki. Hún hefur fært mér þá sýn, að það sem við teljum það persónulegasta í okkar lífi er hið almenna í reynsluheimi fólks. Við erum öll að fást við það sama í einhverjum myndum á þeirri vegferð sem við erum.“

Reglan er óendanlega mikið dýrmæti

-En víkjum aðeins að Frímúrarareglunni í lokin.

„Ég gekk inn í Regluna 2007 og tel að það sé með betri ákvörðunum sem ég hef tekið á ævinni. Þetta er félagskapur sem dýpkar mann og maður eldist vel með henni. Reglan býður upp á lærdóm og stig sem stöðugt kenna manni og láta manni sjá sjálfan sig í nýju ljósi.

Það eru forréttindi að vera í félagsskap sem neyðir manni til að líta inn á við og spyrja sig spurninga. Reglan er óendanlega mikið dýrmæti í lífi þess manns sem ákveður að ganga í hana. Hún leiðir manni á svo óvænta fundi með manni sjálfum og hvað þarf að laga, en um leið hlúir hún vel að manni og persónuþroska manns.

Reglan er falleg: Umhverfið, siðirnir og viskan, samfélag okkar bræðranna er fallegt. Hún getur líka verið krefjandi í jákvæðum skilningi. Hún er ekki karlaklúbbur, ekki klúbbur heldri manna, ekki yfirborðskennd og er laus við dægurþras og átök. Í raun er hún alveg háandleg.

Ég myndi aldrei draga úr manni sem hefur áhuga á að ganga í Frímúrararegluna ef hann lítur á hana sem tækifæri til andlegs þroska. Hefði hann aðrar hugmyndir myndi ég ekki hvetja hann.

Mjög mikilvægt að mínu mati er að við varðveitum frímúrararastarfið til komandi kynslóða. Reglan hefur góð áhrif á íslenskt samfélag með því að hafa áhrif á einstaklingana sem eru í henni.“

Arnar Þór Jónsson

Jónas Þórir Þórisson skipaður Kantor Frímúrarareglunnar á Íslandi

Á Stórhátíð Frímúrarareglunnar á Íslandi þann 17. mars síðastliðinn, skipaði SMR Kristján Þórðarson br. Jónas Þóri Þórisson í embætti Kantors Reglunnar. Embættið er nýtt af nálinni á Íslandi, og felur í sér heildaryfirumsjón tónlistarmála Reglunnar.

Það er ekki ofsögum sagt að falleg tónlist hefur lengi verið í hávegum höfð innan vébanda Frímúrarareglunnar á Íslandi, enda feugar falleg tónlist tilveru okkar, gefur fundum okkar hátíðlega áferð og sameinar okkur í anda. Reglan hefur verið svo lánsöm að innan hennar vébanda hefur alla tíð fyrirfundist stór hópur einvala tónlistarmanna, tónskálda, söngvara, organista og annarra hljóðfæraleikara. Á síðustu árum hefur stúkum fjölgað nokkuð ört og starfsemi tónlistarmanna Reglunnar eflast og vaxið í samræmi við það.

Vægi tónlistar gríðarmikið

Árið 2017 hófst vinna við að koma á fót Tónlistarráði Reglunnar, og var sú vinna leidd af br. Jónasi Þóri og Gunnlaugi Claessen R&K, sem formanni Stúkuráðs. Br. Jón Kr. Cortez er TV Reglunnar og undir hans handleiðslu hefur verið gefin út söngbók með nótum og er nú í farvatninu að halda því áfram og stækka þá bók og gefa út meira efni.

Samhliða þessari vinnu styrktist og mótaðist umræðan um embætti tónlistarstjóra Reglunnar, og til hljóðsjónar var litið til bræðra okkar í Noregi, en fyrir allmörgum árum stofnuðu þeir embætti sem heitir „Storkantor“, en skilgreining þess embættis er einmitt tónlistarstjóri sem hefur yfirumsjón með tónlistarstarfi Reglunnar og er í góðum og nánum tengslum við stjórnendur Reglunnar, söngstjóra og tónlistarfólk hennar.

Í kjölfarið ákvað SMR að þetta embætti skyldi stofnað á Íslandi, og skipaði í kjölfarið br. Jónas Þóri til að sinna því. Og þörfin er vissulega til staðar, enda vægi tónlistar gríðarmikið á öllum samkomum Reglunnar, frá minnstu fundum upp í stórar hátíðir



Jónas Þórir Þórisson, fyrsti Kantor Frímúrarareglunnar á Íslandi.

eins og 100 ára afmælishátíð Reglunnar, sem einkenndist einmitt af tónlistarflutningi í hæsta gæðaflokki.

Við embætti Söngstjóra Landsstúkunnar tók br. Gunnar Gunnarsson, en hann mun sjá um fundi Landsstúkunnar og skipa aðstoðarsöngstjóra og raða niður og stýra því starfi, á meðan Kantor mun starfa við þá fundi sem SMR stýrir, eins og MH, Regluhátíð og Stórhátíð. Kantor og Söngstjóri Landsstúkunnar munu verða í nánú samstarfi.

Br. Jónas Þórir er þaulreyndur í starfi, hann hefur sinnt embætti Söngstjóra frá því vorið 1979, en þá tók hann við því embætti í St. Jóh. stúkunni Glitni. Hann varð svo Aðstoðarsöngstjóri Landsstúkunnar árið 1995 og síðar Söngstjóri Landsstúkunnar árið 2006.

Frábærir menn sem hafa mótað tónlistarstarfið

Aðspurður segist br. Jónas Þórir líta svo á hlutverk hans sé fyrst og fremst náíð og gefandi samstarf með SMR, að vera Stólmeisturum allra stúkna til aðstoðar og vera til taks ef

á þarf að halda. Innan starfssviðs hans er þar að auki umsjón og utanumhald hljóðfæramála Reglunnar á landsvísu.

Jónas segist gjarnan hugsa hlýlega til fyrirrennara sinna í starfi Söngstjóra Landsstúkunnar, manna eins og Þórarins Guðmundssonar, Sigurðar Ísólffssonar, Jóns Stefáns-sonar og fleiri frábærra manna sem hafi mótað tónlistarstarf og tónlist á fundum Reglunnar. „Bróðir Þórarinn á til dæmis tónlist sem notuð er við upphaf Jóhannesarstúkufunda og tónlist tengd fundarþátttöku SMR ásamt fjölda laga við yndisleg ljóð bræðra eins og Freysteins Gunnarssonar og Sveins Víkings.“

Jónas Þórir segist vonast til að sjá nýja embættið þróast með þeirri framtíðarsýn að tónlist innan Reglunnar vaxi og dafni, „að við fáum marga góða tónlistarmenn til liðs við okkur, og að við bæði njótum og kunnum að meta það starf sem okkar frábæru söngstjórar og tónlistarmenn inna af hendi.“

Pétur S. Jónsson

Nýr raunveruleiki: Lífið eftir faraldurinn

Það fylgir öllu lífi í samfélagi að breytast og þróast. Venjulega eiga þessar breytingar þó sér stað í svo litlum skrefum að við tökum ekki almennilega eftir þeim fyrr en síðar, þegar við flissum yfir tilhugsuninni um að hringja úr skífusíma eða símaklefa, leigja okkur vídeóspólu eða gera eitt-hvað annað sem okkur mundi finnast hálfkjánalegt að gera í dag.

En þegar áhrifaríkir stórvíðburðir ganga yfir allan hnöttinn, þurfum við oft að gegnumgangast mikið dýpri breytingar á lífsháttum okkar, og það hratt. Og okkur er það ekki neitt sérstaklega ljúft. Það er sennilega ekki ofsögum sagt að heimsfaraldur síðustu tveggja ára hafi haft gríðarleg og varanleg áhrif á heimsbyggðina alla. Á nánast einni nóttu breyttist líf okkar – og að einhverju leyti – til frambúðar. Áhrifin hafa verið bæði umfangsmikil og víðtæk. Við breyttum því hvernig við umgöngumst annað fólk, bæði það sem okkur stendur nær og fjær, hvernig við störfum, hvernig við stundum nám og hvernig við ferðumst um heiminn, svo eitt-hvað sé nefnt.

Ekki í fyrsta skiptið

Þetta er auðvitað ekki í fyrsta skiptið sem mannskepnan glímir við sjúkdómsfaraldur sem lítur út fyrir að vera ómögulegt að stöðva. Bara á síðustu árhundruðum hefur þetta átt sér stað nokkrum sinnum. Bólusótt og spænska veikin, taugaveiki, SARS, svínaflelsa, alnæmi og Ebóla eru allt faraldrar sem höfðu misvítæk áhrif á heilsu og hegðan jarðarbúa og kostuðu ótal mannlíf og fórnir. Og hvernig enduðu þessir faraldrar? Jú, í flestum tilfellum er erfitt að segja að þeir hafi beinlínis endað. Þeir hættu einfaldlega að vera okkur eins bráðhættulegir, og hjarðónæmi, sóttvarnaaðgerðir og framgangur bólusetninga og meðferða dró úr áhrifum og áhættu þar til við töldum okkur óhætt að snúa aftur til

fyrri lífs. Það er vegna þess að með hverjum faraldri hefur okkur áskotnast ný innsýn og dýrmæt vitneskja um greiningaraðferðir, hreinlæti, sóttvarnir og meðferðarúrræði.

Nýr raunveruleiki blasir við

Það sama gæti verið að gerast núna ef heppnin er með okkur, afbrigði sem ekki eru eins skæð heilsu okkar taka yfir og munu vonandi minnka áhrif veirunnar í samfélaginu, en þó eru góðar líkur á því að við þurfum að lifa með henni áfram. Ljúki þessum faraldri á þann hátt, með því að fjara út, má með sanni segja að verr hefði getað farið, án þess að gera lítið úr andlátum og alvarlegum veikindum þeirra sem urðu illa úti.

Nú þegar mögulega sér fyrir endann á verstun baráttunnar, allavega í bili, er augsnilegt að við okkur blasir nýr raunveruleiki. Samfélagið okkar hefur breyst og verður aldrei alveg eins aftur. Það skiptir litlu máli hvað okkur finnst um þá staðreynd, eða hvort okkur finnst þessi nýi raunveruleiki betri eða verri en sá sem við þekktum fyrir heimsfaraldur. Það skiptir hins vegar máli hvort við nálgumst þessar breytingar á neikvæðan eða jákvæðan hátt. Hvernig viljum við hafa okkar nýja raunveruleika?

Mikilvægi forgangsröðunar

Þegar herðir að okkur mannfólkinu af einhverjum ástæðum, höfum við sterka og kannski innbyggða tilhneigingu til þess að endurforgangsráða hlutum í kringum okkur. Þessa verður sterkt vart eftir náttúruhamfarir, en á einnig við um samfélagsáfall eins og styrjaldir, efnahagshrun og auðvitað farsóttir. Og að forgangsráða höfum við flest þurft að gera í heimsfaraldrinum, svo sterk var þessi breyting að hún hreinlega neyddi okkur til þess.

Ef við leyfum okkur að líta jákvæðum augum á það, virðist sem forgangsröðunin hafi verið okkur

flestum ansi holl. Við aðstæður sem þessar sjáum við nefnilega skýrt hvað það er sem skiptir okkur í raun mestu máli. Fjölskyldan okkar. Vinirnir. Fólkið okkar, með öðrum orðum, þau sem standa okkur nærri. Ofuráhersla á starfsframa og veraldlegar eignir er töluvert minna virði en samband okkar við fólkið sem við kunnum best að meta þegar við erum hreinskilin við sjálf okkur, og fyrrnefndu atriðin eiga kannski ekki skilinn þann háa sess sem við höfum sett þau á.

Þetta er holl hugleiðing sem vonandi situr áfram í okkur. Faraldurinn hefur líka bundið okkur saman. Við erum meðvitaðri um annað fólk og hagi þess, enda öll að ganga í gegnum svipaða hluti. Við erum örlítið tillitsamari og umburðarlyndari, og skiljum að allir eru að ganga í gegnum erfða tíma. Það er okkar að halda áfram að hafa þetta hugfast, þrátt fyrir að ytri aðstæður kunni að breytast aftur til hins betra.

Nýjungar í starfi og leik

Starf margra færðist að hluta til eða alfarið heim á meðan á ströngustu sóttvarnaráðstöfunum stóð. Upplifun fólks af þeim breytingum er afar mismunandi eftir aðstæðum, enda töluverður munur á því að reyna að sinna starfi sínu með smábörn þrjú á bakinu og að geta setið á þægilegum stað heima með sitt eigið kaffi og stjórnað tíma sínum sjálfur.

Tæknin var hér eins og oft áður vinur okkar, og gerði mörgum okkar kleift að sinna störfum, sitja fundi og skila fullum afköstum í vinnu. Margir upplifðu, sér til dálitillar furðu, að þeir komu jafnvel meira í verk í fjarvinnu. Reyndar virðist sem þessar breytingar hafi komið atvinnurekendum ánægjulega á óvart líka, því að svo virðist sem starfsfólk í vinnu sem leyfir fjarvinnu hafi síst minnkað afköst og margir verið hamingjusamir með að ráða aðstöðu sinni sjálfir, spara sér ferðir til og frá vinnu og



Umhverfið

Skrýtnir og óvæntir eru sumir af jákvæðum fylgifiskum heimsfaraldurs. Íbúar borga og landa sem hafa frá æsku alist upp við léleg loftgæði og skyggni sökum mengunar, sáu til himins í fyrsta sinn þegar samgöngur snarminnkuðu. Þannig gerði stór hluti jarðarbúa sér grein fyrir því hversu mikil áhrif við höfum í raun og veru á umhverfið okkar dags daglega. Á meðan fólk kann að hafa sínar skoðanir á hversu alvarleg hamfarahlýnun er, er ekki auðvelt að sjá hvað versnar við það að við umgöngumst litla hnöttinn okkar af meiri virðingu en við höfum gert áður og leggjum okkur fram um að skila honum ekki frá okkur verri en við komum að honum. Því víst er það skylda okkar að koma fram við allt í kringum okkur af virðingu og umhyggju.

Hlutverk frímúrarans í nýjum raunveruleika

Þótt frímúrarari hafi ekki getað stundað starf sitt með hefðbundnum hætti innan vébanda stúkunnar sinnar, gerir það starf hans síst minna mikilvægt. Þvert á móti er einmitt upplagt að nota tímann til þess að styrkja siðferði sitt og vera öðrum ljós í myrkrinu, hafi hann til þess orku og getu. Starfi okkar lýkur aldrei. Vonandi er stutt í þá tíma að við getum stundað starfið af fullum krafti og borið úr býtum það bróðurþel og orku sem samvera okkar við frímúrarastarfið gefur okkur. Mannrækt og sjálfsbetrunarvinna verða kannski aldrei mikilvægari en við erfiðar aðstæður, og það eru einnig aðstæðurnar þar sem hún gagnast hvað best, bæði okkur sjálfum og öðrum.

Endalokum heimsfaraldra í gegnum tíðina hefur gjarnan fylgt mikil orka sem leysist úr læðingi þegar við fáum að njóta samveru við fólk aftur, starfa óhindrað og njóta menningar og lista sem okkur hefur reynst erfitt að gera. Vonandi verður þetta einnig raunin núna. En þess er líka óskandi að við getum dregið af þessu ástandi lærdóm sem gerir okkur að sterkari og heilli manneskjum. Hvernig við komum út úr þessu, og með hvaða hugarfari, mun hafa áhrif á fjölskyldu okkar, samfélög og þjóðir til framtíðar. Lífið er lærdómur, og við erum nemendur þess.

Pétur S. Jónsson

njóta meiri samveru við heimilisfólk og gæludýr.

Það er því nokkuð líklegt, jafnvel talið öruggt, að á komandi árum muni hlutfall fjar- og heimavinnu aukast, sérstaklega hjá þeim er stunda störf sem vel eru fallin til þess. En auðvitað er stór hluti starfa á atvinnumarkaðnum sem kallar á stöðuga nærveru, og þar hefur verið erfiðara að sinna starfi sínu vel. Og í mörgum geirum, eins og menningar- og viðburðarvinnu, sem og ferða- og gistiþjónustu, var áfallið stórt og mun þurfa mikla enduruppbyggingu.

Hlekkir í keðju

Eitt það merkilegasta sem gerðist í faraldrinum var þó kannski þegar við lærðum að meta til fulls störf fólksins sem heldur samfélaginu okkar virku og gangandi. Við lærðum að bera meiri virðingu fyrir verkum sem hafa kannski ekki alltaf verið hæst skrifuð í samfélaginu, en eru grundvöllurinn að því að allt virki í samfélaginu okkar.

Þetta ætti að vera okkur holl áminning um það að samfélög eru keðjur sem verða aldrei sterkari en þeirra veikustu hlekkir, og að allir sem sinna störfum sínum af samviskusemi og elju, hver sem þau eru, eiga jafna virðingu okkar skilda.

Andleg liðan heimsbyggðar

Það varð í skyndi afskaplega áberandi fyrir drjúgan hluta heimsbyggðarinnar hversu mikilvæg mannleg samskipti eru okkur, þegar við getum ekki stundað þau lengur á þann hátt sem við erum von. Það hefur reynt á bókstaflega alla jarðarbúa. Erfiðast um vik hafa kannski átt tveir hópar, þau elstu og viðkvæmustu fyr-

ir veikindum sem hafa þurft að einangra sig allmikið frá samfélaginu, og ungmennin okkar, sem mörg hver hafa misst af mótandi og mikilvægu félagslífi í langan tíma, og fyllst kvíða og angist yfir ástandinu, sem getur tekið einhvern tíma að vinna úr.

Þrátt fyrir að við höfum í raun ótrúlega aðlögunarhæfni er alveg hægt að fullyrða að þetta ástand hefur reynt á andlegt þrek okkar allra, og því er enn mikilvægara en nokkru sinni að fylgja því eftir með því að sýna fólki enn meiri nærgætni og vinsemd en við höfum áður gert, sérstaklega á meðan þessi sár gróa.

Hlý orð og vinarþel hafa enn meiri merkingu en áður. Að halda hópa með aðstoð tækni, og að vera í sambandi við fólkið sem okkur þykir vænt um hefur aldrei verið mikilvægara. Nánd við annað fólk er okkur nefnilega nánast lífsnauðsyn, því mannskepnan er svo sannarlega félagsvera.

Þegar við horfum fram á veg og út úr þessu ástandi hlýtur það að vera forgangsatíði okkar allra að hlúa að andlegum sárum þeirra sem verst hafa farið út úr þessum aðstæðum. Það á auðvitað ekki síst við um okkur sjálf, við þurfum að sýna okkur sjálfum og fólkinu í kringum okkur meiri mildi en nokkru sinni. Sýna fólki jafnvel enn meiri skilning og þolinmæði í samskiptum en venjulega. Íþyngjandi atburðir gera okkur veikari fyrir og það að þrauka í gegnum erfiða tíma kostar orku og úthald. En út úr þessu getum við líka risið sterkari og betri en áður, og þakklátari fyrir það sem við höfum mögulega umgengist sem sjálfsagðan hlut.

Frímúrarinn Edward Jenner – frumkvöðull bólusetninga

Um fátt hefur verið meira fjallað undanfarin misseri en bóluefni og bólusetningar. Upphaf bólusetninga má rekja til brautryðjandans Edward Jenner, sem uppi var um aldamótin 1800, en hann var áhugasamur frímúrarari ásamt því að taka sér fyrir hendur ýmislegt á mjög ólíkum sviðum.

Bólusótt – sjúkdómurinn hræðilegi

Nú er vitað að bólusótt er veirusjúkdómur, sem virðist hafa fylgt mannkyninu frá örófi alda og eru til heimildir um hann frá tímum faraóanna í forn Egyptalandi. Hann var landlægur í Evrópu, Asíu og Afríku og barst þaðan til áður ósýktra svæða s.s. N.- og S.-Ameríku ásamt Ástralíu með landkönnuðum og landvinningamönnum.

Bólusóttarveiran er sérlega smitandi og hafði þann háttinn á að blossa reglulega upp sem faraldur á nokkurra áratuga fresti. Síðasti stóri bólusóttarfaraldurinn á Íslandi geislaði árin 1707 til 1709. Nokkuð góðar heimildir eru til um hann og afleiðingar hans, sem m.a. sýna að allt að þriðjungur þjóðarinnar hafi látist af hans völdum, enda hann nefndur Stórabóla vegna þess hversu alvarlegur hann var. Dánartíðni almennt séð var ógnarhá eða um 20-30% og þeir sem náðu sér, urðu í mörgum tilfellum fyrir varanlegu heilsutjóni s.s. að missa sjónina.

Löngu fyrir tíma Jenner var vitað að þeir sem sýktust af bólusótt virtust ekki fá hana aftur síðar á ævinni, án þess að vitað væri hvers vegna. Því voru þeir, sem fengið höfðu sjúkdóminn, oft fengir til að hjúkra öðrum, er veiktust af honum. Engin lækning var til, en sú aðferð, sem borist hafði frá Asíu að viljandi sýkja ósýkta einstaklinga í von um að þeir myndu ekki veikjast alvarlega, var notuð í Evrópu frá fyrri hluta 18. aldar.

Þetta var vægast sagt tvíeggjað sverð. Dánartíðni við þessa aðferð var reyndar aðeins um einn tíundi af



Edward Jenner á efri árum.

venjulegri dánartíðni, en oft blossuðu upp margar stjórnlausar hópsýkingar af hennar völdum, sem sumar urðu að faraldri. Einnig var töluvert um að einstaklingar sýktust í leiðinni af öðrum smitsjúkdómum, sem alls ekki stóð til, vegna skorts á hreinlæti og þekkingu. Líka var umdeilt meðal lækna að nota aðferð, sem sýkti heilbrigða einstaklinga, þegar vitað var að 2-3% myndu ekki lifa hana af. Reyndar var það svo að Edward Jenner undirgekkst þessa meðferð á unga aldri og þótt hann lifði hana af, veiktist hann mjög illa og varð fyrir varanlegu heilsutjóni, sem fylgdi honum alla ævi.

Hver var Edward Jenner?

Edward Jenner fæddist í bænum Berkley í Gloucester-skíri árið 1749. Hann missti báða foreldra sína ungur að árum og ólst að mestu upp hjá eldri bróður sínum, sem var prestur eins

og faðir þeirra. Hugur hans sveigðist snemma að læknisfræði og eftir tilhlýðilegt nám þess tíma, fluttist hann aftur til heimabæjar síns og opnaði þar eigin læknastofu. Honum farnaðist vel í starfi, en áhugasvið hans voru margvísleg og ólík, m.a. náttúrufræði, þótt hann væri ekki menntaður á því sviði.

Vegna rannsóknna sinna á háttsemi gauka var honum veitt innganga í vísindafélag Bretlands, sem ber hið virðulega nafn The Royal Society, aðeins 39 ára gömlum, en það út af fyrir sig var ákveðið afrek fyrir sveitalækni sem ekki var inni í miðri hringiðu vísindaheimsins. Hann lét einnig til sín taka á sviði steingervingafræði, plöntufræði og gerði meira að segja tilraunir með vetnisfyllta loftbelgi, spilaði á hljóðfæri og orti ljóð þegar tími gafst. Á sviði læknisfræðinnar birti hann greinar, sem juku skilning á hjartaöng. Það voru hins vegar



Jenner bólusetur James Phipps 1797.

rannsóknir og tilraunir hans tengdar bólusótt og kúabólu, sem rækilega festu nafn hans á spjöld sögunnar.

Tengsl kúabólu og bólusóttar

Í kringum heimabæ Jenner var mikið um kúabúskap. Um nokkurt skeið var vitað að mjaltakonur (sú stétt virðist hafa verið næstum eingöngu skipuð konum á þeim tíma), er fengið höfðu sjúkdóm af kúm, sem kallast kúabóla fengu ekki bólusótt. Kúabóla er mjög vægur sjúkdómur í samanburði við bólusótt. Nokkrir fræðimenn höfðu á undan Jenner, eða um 1765, sett fram tilgátur um tengsl á milli kúabólu og ónæmis fyrir bólusótt og jafnvel gert tilraunir með bólusetningar. Kúabóndi einn í Dorset á Englandi hafði árið 1774, þegar faraldur bólusóttar gekk, bóluset fjölskyldu sína með kúabóluefnum, en ekkert var frekar gert í málunum.

EKKI var vitað á þeim tíma hvers vegna fólk, sem fengið hafði kúabólu, fékk ekki bólusótt, þótt nútíma veiru- og ónæmisfræði skýri það að fullu. Hugsanlegt er að Jenner hafi vitað af þessum tilgátum og þreifingum til tilrauna með bólusetningar, en honum var fullkunnugt um ætlað samspil kúabólu og bólusóttar hjá mjaltakon-

um. Hann ákvað að stíga mikilvægt skref í skipulögðum rannsóknum á því samhengi.

Það gerði hann árið 1796 með því að sýkja 8 ára gamlan son garðyrkju-manns síns, James Phipps, af kúabólu, en drengurinn hafði ekki fengið bólusótt fyrr á ævinni. Með því fékk hinn ungi Phipps nafn sitt ritað á spjöld sögunnar, sem fyrsti þátttakandi í skipulegri bóluefnarannsókn. Hann fékk einkenni í um vikutíma, sem síðan hurfu með öllu. Í dag myndi þetta vera kallað algengar vægar aukaverkanir bóluefnis.

Sex vikum síðar sýkti Jenner drenginn svo af bólusótt, en hann sýndi engin einkenni hennar, hvorki þá né í um 20 skipti síðar á ævinni þegar hann varð útsettur fyrir veikinni. Þótt bóluefni séu í dag þróuð á rannsóknastofum, hafði Jenner með tilraun sinni uppgötvað fyrsta bóluefni sögunnar, sem veitti gott ónæmi gegn sjúkdómi og þar með hafði herferð, sem átti eftir að verða á heimsvísu til að uppræta bólusótt með bólusetningum, þó að það tæki um 180 ár.

Nýyrðin bóluefni og bólusetning

Jenner sendi niðurstöður sínar til The Royal Society, sem réttilega benti á að einungis væri um eitt tilfelli að ræða og lítið væri á því byggjandi. Auk þess væru þessar hugmyndir heldur of byltingarkenndar.

Jenner féllust ekki hendur við þessi viðbrögð, heldur eyddi næstu tveimur árum í að endurtaka tilraunir sínar á alls 23 einstaklingum, alltaf með sömu niðurstöðunni. Árið 1798 gaf hann út bók á eigin kostnað þar sem hann fullyrti, grundvallað á tilraunum sínum, að efni úr kúabóluefnum gefið einstaklingum kæmi í veg fyrir að þeir fengju bólusótt og að efnið væri skaðlaust þeim sem það fengu.

Í bókinni komu tvö nýyrði inn í enska tungu, *vaccine* og *vaccination*, og svo síðar inn í fjölda annarra tungumála. Bæði orðin má rekja til latneska orðsins *vacca*, sem þýðir kýr. Íslenskir nýyrðasmiðir komu fram með orðin bóluefni og bólusetning, sem fest hafa í sessi í tungumálinu um þessi fyrirbrigði almennt séð, alls óháð því hvaða sjúkdómur á í hlut.

Skipulegar bólusetningar um víða veröld

Bókin vakti strax gríðarlega athygli þótt sumum þætti ótækt með öllu að setja vessa úr kúm inn í líkama manna og birtust m.a. skopmyndir í prentmiðlum þar sem bólusettir áttu að fá útlit kúa eftir bólusetningu.

Bókin var fljótt þýdd á mörg tungumál og þjóðarleiðtogar víða um heim gerðust ötulir talsmenn almennt bólusetninga með aðferð Jenner. Til dæmis fyrirskipaði Napoleon Frakkakeisari skyldubólusetningu allra hermanna í her sínum og það sama gerði breski flotinn fyrir sjóliða sína árið 1800.

Árið 1801 lýsti Thomas Jefferson, forseti Bandaríkjanna, yfir að allsherjarbólusetning gegn bólusótt væri aðalheilbrigðismarkmið landsins, en ári fyrr hófust skipulagðar bólusetningar þar í landi.

Bólusetning gegn bólusótt hófst á Íslandi með stjórnartilskipun frá Danmörku árið 1802, sama ár og þær hófust á Inlandi. Þessi ártöl sýna berlega hversu stuttur tími leið frá því að Jenner birti niðurstöður sínar, þar til ráðist var í bólusetningarátak gegn bólusótt víða um heim, enda ekki á hverjum degi að mannkyninu bærist í hendur svo áhrifamikið vopn í baráttunni við þennan skæða sjúkdóm.

Frægðarsól Jenner hátt á lofti

Frægðarsól Jenner reis því hratt og hann fékk alls kyns viðurkenningar, heiður og upphefð úti um allan heim fyrir uppgötvun sína. Hann tók öllu slíku af mikilli hógværd og þrátt fyrir allt umstangið, sem fylgdi frægðinni, hélt hann áfram að stunda læknisstörf á stofu sinni ásamt fræðistörfum, til dauðadags. Nokkra furðu vekur þó, að hann var aldrei aðlaður í heimalandi sínu fyrir störf sín, þótt telja megi að til þess væri næg ástæða.

Jenner gerði aldrei neina tilraun til að hagnast persónulega á uppgötvun sinni, heldur þvert á móti lét hann breyta skála við hús sitt í nokkurs konar bólusetningarmiðstöð, sennilega með þeim fyrstu í heiminum. Þar bólusetti hann, án gjaldtöku, fátækt fólk sem ekki hafði efni á að borga fyrir slíka þjónustu. Einnig var hann ötull við að búa til bóluefni og senda m.a. til annarra landa, viðtakendum algerlega að kostnaðarlausu.



Skopteikning frá 1804 sem sýna átti fylgikvilla bólusetninga.

Breska þingið veitti honum veglega styrki árið 1802 og 1807, en þá notaði hann til að leggja baráttunni við bólusóttina frekara lið. Til er skemmtileg saga um að Jenner hafi sent persónulegt bréf til Napoleons Frakkakeisara, en Frakkar og Bretar áttu um þær mundir í áralöngum stríðsátökum, með beiðni um að láta breska stríðsfanga lausa. Þegar Napoleon heyrði að bréfið væri frá Jenner átti hann að hafa sagt eitthvað á þá leið að þeim manni gæti hann ekki neitað um neitt.

Ómetanlegt framlag

Segja má að framlag Jenner til læknávisindanna hafi verið ómetanlegt, ekki bara með því að hefja árangursríka baráttu gegn bólusótt, heldur lagði hann í raun grunninn að nýrri grein innan þeirra, þ.e. ónæmisfræðinni. Næstum 100 ár liðu þar til næstu stórvirki á þessu sviði litu dagsins ljós með vísindastörfum Frakkans Louis Pasteur og Þjóðverjans Robert Koch.

Á síðustu öld og þessari hafa orðið stórstígar framfarir í þróun og gerð bóluefna, sem beinst hafa gegn mörgum erfidum og hættulegum sjúkdómum. Um bólusetningar má segja almennt að engin ein heilbrigðisaðgerð hafi bjargað eins mörgum mannlífum, nema ef vera skyldi aðgangur að hreinu vatni.

Frímúrarinn Edward Jenner

Edward Jenner gekk í frímúrara-stúku, sem þá hét, Lodge of Faith and Friendship no 590, en ber í dag númerið 270, og fékk þriðja stig í henni

árið 1802. Stúkan hafði þá og hefur enn aðsetur örstutt frá heimili Jenner í Berkley. Árið 1807 var orðinu Royal bætt fremst í nafn hennar því Prinsinn af Wales, ríkisarf bresku krúnunnar og síðar Georg IV konungur, var tíður gestur á fundum hennar. Góð kynni tókust milli hans og Jenner og varð ríkisarfinn, einkum eftir að hann hafði öðlast konungstign árið 1820, ötull talsmaður bólusetninga, ólíkt föður sínum Georgi III. Auk þess skipaði Georg IV Jenner sérstakan persónulegan sérgreinalækni sinn stuttu eftir að hann varð konungur.

Jenner var mjög áhugasamur í stúkustarfinu og varð hann Stólmeistari stúku sinnar árið 1812 ásamt því að sækja oft fundi í öðrum stúkum. Margir nánir ættingjar Jenner, sem bjuggu í eða í nágrenni Berkley, gengu í sömu stúku og hann. Jenner eignaðist tvo syni. Eldri sonur hans lést aðeins 21 árs gamall úr berkklum, en hinn gekk í stúku föður síns þegar hann hafði aldur til.

Jenner lést 72ja ára að aldri árið 1823 af völdum heilablóðfalls og er grafinn í St. Mary the Virgin kirkjunni, sem er steinsnar frá heimili hans, en hún er nú safn honum til heiðurs. Meðal viðstaddra við útförina var James Phipps sem Jenner hafði bóluset fyrstan allra 27 árum fyrir.

Bræður í stúku Jenner stóðu fyrir fjársöfnun til að reisa styttu af honum í Gloucester-dómkirkjunni og stendur hún þar enn í dag.

Smári Pröstur Sigurðsson



Ljósmynd: Páll A. Pálsson.

Séð yfir veislusalinn eftir innsetningarathöfn Kristins Eyjólfsssonar sem Stólmeistara Rúnar 30. mars 2016.

St. Jóhannesarstúkan Rún 90 ára

St. Jóhannesarstúkan Rún var stofnuð 5. ágúst 1932 og er næstelsta frímúrarastúka landsins. Einungis móðurstúkan Edda er eldri. Rúnarbræður munu fagna 90 ára afmæli stúkunnar með veglegum hátíðarfundum og hátíðar- og veislustúku að honum loknum þegar stúkustarfið hefst að nýju í haust, nánar tiltekið þann 19. október nk.

Áður en lengra er haldið er rétt að fara nokkrum orðum um aðdragandann að stofnun Rúnar árið 1932.

Veturinn 1928-1929 voru frímúrararbræður á Akureyri fjórir talsins. Einn bættist í hópinn árið 1929 og fjórir árið 1930. Að auki voru tveir bræður til heimilis í Skagafirði. Bræðurnir komu saman reglulega þar sem þeir ræddu frímúrararfræðin og mál-efni Reglunnar. Þeir settu sér það takmark að fá sem fyrst stofnaða fullkomna St. Jóh. fræðslustúku.

Á þessum tíma var starfandi ein stúku hér á landi, St. Jóh.st. Edda í Reykjavík. Bræðurnir á Akureyri leituðu til embættismannaráðs Eddu



með erindið og fengu hinar bestu undirtektir. Ráðið ritaði Stúkuráðinu í Kaupmannahöfn um málið en íslenska stúkan var undir stjórn dönsku Stórstúkunnar í VIII. Regluumdæmi og studdi Ludvig Kaaber, frumherji í íslensku frímúrarastarfi, mál þeirra af miklum drengskap.

Fræðslustúkan Rún stofnuð

Stúkuráð dönsku Stórstúkunnar ritaði embættismannaráði Eddu bréf hinn 1. apríl 1931 þess efnis að þann 26. mars það ár hefði VVS samþykkt að stofna mætti sérstaka St. Jóh. fræðslustúku, er lúta skyldi St. Jóh. st. Eddu í Reykjavík. Jafnframt kom fram að fræðslustúkan skyldi heita Rún, að Vilhjálmur Þór yrði formaður hennar og að Friðrik J. Rafnar, sóknarprestur; Sigurður Stefánsson, sóknarprestur; Ingimundur Árnason, bókhaldari og Jón C. F. Arnesen, konsúll yrðu embættismenn hennar.

Árið 1930 reisti Kaupfélag Eyfirðinga verslunarhús sitt við Hafnarstræti, neðst í Grófargili. Samdist svo um milli stjórnar KEA og bræðranna að á efstu hæð hússins yrði innréttað húsnæði, sem hentað gæti frímúrarastarfinu. Bræðurnir leigðu það til 5 ára.

St. Jóh. fræðslustúkan Rún var vígð hinn 25. júní 1931 af Ludvig Kaaber og sett til starfa sama dag af

ÖRUGG AFRITUN GAGNA

TRAUST OG PERSÓNLEG TÖLVUÞJÓNUSTA

Hagstæðar lausnir fyrir fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög og sjálfstæða atvinnurekendur.



 **AFRIT**

**SKÝ
SPEGLUN
SKJÖL**

Upplýsingar á Afrit.is

 **VAKT!N**

**SILFURVAKTIN
GULLVAKTIN
PLATINUMVAKTIN**

Upplýsingar á Tolvuaadstod.is



TÖLVUAÐSTOÐ

Stiklað á stóru í sögu Rúnar frá 1934

- 1934: Samþykkt að kaupa húseignina Hafnarstræti 73 undir stúkustarfið.
- 1936: Vígsla hins nýja húsnæðis fer fram 5. ágúst.
- 1942: 10 ára afmælisfundur Rúnar 5. ágúst. Stúkan fær heimild til að stofna St. Andrésarfræðslustúku.
- 1942: St. Andrésarfræðslustúkan Huld vígð 4. ágúst.
- 1945: Hafnarstræti 73 selt Karlaakórnum Geysi, sem jafnframt afsalaði lóð sinni við Gilsbakkaveg 15 til stúkunnar.
- 1945: Hörður Bjarnason arkitekt fenginn til að teikna hið nýja stúkuhús og framkvæmdir hafnar í júlí.
- 1947: Síðasti stúkufundurinn haldinn í Hafnarstræti 73, 5. ágúst.
- 1947: Vígslufundur nýs stúkuhúss haldinn 6. september.
- 1949: Stofnfundur og vígsla St. Andrésarstúkunnar Huldar 30. september.
- 1959: Bréf um að fá fræðslustúku á Akureyri í Stúart sent yfirstjórn Reglunnar og undirbúningsnefnd stofnuð.
- 1961: Stofnfundur og vígsla Kapitulafræðslustúkunnar Skuldar 5. júní.
- 1967: Formlegt erindi um stofnun sjálfstæðrar Stúartstúku á Akureyri sent yfirstjórn Reglunnar 20. september.
- 1967: Bræðrafélagið Mælifell stofnað á Sauðárkróki 14. október.
- 1968: Vígslufundur fullkominnar, starfandi Stúartstúku, 2. flokks, haldinn 25. júlí.
- 1970: Fræðslustúkan Mælifell stofnuð á Sauðárkróki 6. desember.



Ljósmynd: Páll A. Pálsson.

Valur Valsson, SMR, setti Kristín Eyjólfsson í embætti Stólmeistara Rúnar árið 2016. Við það tækifæri tók Páll A. Pálsson þessa merkilegu mynd af fimm Stólmeisturum Rúnar og SMR. Talið frá vinstri: Sigurður Jóhannesson, Aðalsteinn V. Júlíusson, Kristinn Eyjólfsson, Valur Valsson, Ólafur Ásgeirsson og Hreiðar Hreiðarsson.

Pórði Edilonssyni, Stm. Eddu og embættismönnum Rúnar, sem voru, auk framantalinna, sr. Lárus Arnórsson, Miklabæ og Jónas Kristjánsson, mjólkurbússtjóri. Stofnfélagar stúkunnar voru alls 12, þ.e. þeir sem þegar hafa verið taldir og auk þeirra Otto G. N. Grundtvig, lyfjafraeðingur; Jakob Frímansson, fulltrúi; Sveinn Þórðarson, bókhaldari; Sigurður Sigurðsson, sýslumaður á Sauðárkróki og Oddur C. Thorarensen, lyfsali á Akureyri.

Fullkomin St. Jóhannesarstúka

Fræðslustúkan hóf störf sín af miklum krafti en bræðrunum var ljóst að markmiðið hlyti að vera stofnun fullkominnar St. Jóhannesarstúku sem fyrst. Unnið var ósleitilega að undirbúningi stúkustofnunarinnar og sem fyrir nutu Rúnarbræður atbeina og meðalgöngu Eddu í samskiptum við Stúkuráðið í Kaupmannahöfn. Til að gera langa sögu stutta tilkynnti Stúkuráðið í bréfi til Eddu þann 15. júlí 1932 að samþykkt hafi verið að stofnuð verði á Akureyri fullkomin St. Jóhannesarstúka er skuli heita Rún. Í bréfinu eru öll venjuleg og nauðsynleg fyrirmæli um stofnun stúkunnar, stofnendur hennar, skjaldarmerki, kjörorð og einkennisliti sem og um það, hvenær stúkan megji taka til starfa.

Stofnskrá og skipunarbréf

stúkunnar voru dagsett 11. júlí 1932. Stofnfélagar voru orðnir 21 að tölu, allir fluttir frá St. Jóh.st. Eddu, þeir 12 bræður sem áður voru taldir og að auki þeir Tómas Björnsson, kaupmaður; Jón Svanbjörn Frímansson, bankamaður; Sigurður E. Hlíðar, dýralæknir; Guðjón R. Bernharðsson, gullsmiður; Snorri Guðmundsson, trésmiður; Ólafur Ágústsson, húsgagnasmíðameistari; Karl Ásgeirsson, símritari; Stefán Thorarensen, úrsmiður og Vigfús Sigurgeirsson, ljósmyndari.

5. ágúst 1932 var settur fundur í St. Jóh. fræðslustúkunni Rún. Það var síðasti fundur stúkunnar og jafnframt vígslu- og stofnfundur hinnar nýju St. Jóhannesarstúku Rúnar. Vígslu stúkunnar og innsetningu stjórnaði Ludvig Kaaber. Honum til aðstoðar voru Þórður Edilonsson, Bjarni Bjarnason og Ólafur Lárusson í Eddu.

Kaupmannahafnarferðir úr sögunni

Árið 1934 fékk St. Jóh.st. Edda heimild frá dönsku Landsstúkunni til að stofna St. Andrésarstúku árið eftir, sem hefði heimild til að veita IV^o/V^o og VI^o. Fljótlega upp úr því var komið á stofn Stúartstúku 2. flokks og þar með fengin réttindi til að veita VII^o og VIII^o í Eddu.

Bræðurnir fögnuðu þessum tíðindum, sem ekki er undarlegt. Það var

Stiklað á stóru í sögu Rúnar frá 1934

- 1970: Fræðslustúkan Mælifell stofnuð á Sauðárkróki 6. desember.
- 1973: Bræðrafélag Frímúrara stofnað á Siglufirði 6. október.
- 1979: Húseignin Gilsbakkavegur 13 keypt og Aðalsteinn V. Júlíusson fenginn til að teikna og hanna viðbygginguna.
- 1982: 50 ára afmæli Rúnar 5. ágúst. Hornsteinn lagður að sal Stúartstúkunnar.
- 1983: Fræðslustúkan Dröfn á Siglufirði stofnuð 19. nóvember.
- 1983: Vígslufundur fullkominnar, starfandi Stúartstúku, 1. flokks, haldinn 8. desember. Sama daga er stúkuhúsið fullbúið og salur Stúartstúkunnar vígður.
- 2001: St. Jóhannesarstúkan Mælifell stofnuð á Sauðárkróki 6. maí.
- 2002: Bókin „Frímúrarastarf á Akureyri í 70 ár“ gefin út í tilefni 70 ára afmælis Rúnar.
- 2006: Ferð Rúnarbræðra og maka til Kaupmannahafnar.
- 2012: 80 ára afmæli Rúnar minnst með hátíðarfundum 20. október.
- 2013: Ferð Rúnarbræðra og maka til Tallin í Eystlandi.
- 2017: Jónsmessuhátíð haldin með þátttöku margra erlendra frímúrarabræðra og maka þeirra.
- 2019: Fjölmenni mætir í „Opið hús“ í Frímúrarahúsinu á Akureyri í tilefni af aldarafmæli Frímúrarareglunnar á Íslandi.
- 2021: Fyrsta skóflustungan tekin að lyftubyggingu við Frímúrarahúsið á Akureyri.
- 2022: 90 ára afmæli Rúnar minnst með hátíðarfundum 12. október.

nefnilega meira en lítið fyrirtæki að sækja aukinn frama umfram III° í Reglunni alla leið til Kaupmannahafnar og hreint ekki á allra færi.

Sagan verður ekki rakín frekar hér að öðru leyti en því að stiklað er á stóru í sögu Rúnar í stuttum punktum á bls. 19-20.

Bragi V. Bergmann

Greinin og stiklurnar eru að miklu leyti byggðar á grein ofanritaðs, sem birtist í 2. tbl., 8. árg. Frímúrarans í nóvember 2012.

Helstu heimildir:

„Frímúrarastarf á Akureyri í 70 ár“. Ritstjórn og umsýja: Helgi Þorsteinsson. Akureyri, 2002. Frímúrarareglan á Akureyri.

Fundargerðabækur Rúnar



Ljósmynd: Páll A. Pálsson.

Rúnarkórinn setur sterkan svip á starfið

Ekki er vitað með vissu hvenær kór frímúrarabræðra á Akureyri, Rúnarkórinn, varð formlega til. Vísast er að upphafið sé að bræður hafi komið saman og æft nokkur lög og flutt á Systrakvöldum og hátíðarfundum.

Birgir Helgason var stjórnandi kórsins frá upphafi og gegndi því starfi um áratugaskeið, til 2009. Hjörleifur Örn Jónsson stjórnaði kórnum 2010-2014 en Daníel Guðjónsson frá 2014 og þar til hann var kjörinn Stólmeistari Rúnar 2021. Núverandi stjórnandi er Ívar Helgason. Fyrsti undirleikari Rúnarkórsins var Þórarinn Magnússon, þá Daníel Guðjónsson 2000-2009 en frá þeim tíma hefur Magnús G. Gunnarsson gegnt því hlutverki. Bræður sem sungið hafa í kórnum frá upphafi eru á annað hundrad talsins. Þrír diskar með söng kórsins hafa verið gefnir út.

Myndin var tekin á æfingu kórsins árið 2002. Við orgelið situr Daníel Guðjónsson en aðrir á myndinni eru, t.f.v.: Jósavin H. Arason, Hermann Stefánsson, Bryngeir Kristinsson, Brynjólfur Ingvarsson, Kristján Baldursson, Hörður Svanbergsson, Ingólfur Ingólfsson, Gunnar Árnason, Gunnar Kristinsson, Sveinmar Gunnþórsson, Birgir Helgason, Kristján Gunnþórsson, Sigurður F. Kjartansson, Kristinn Eyjólfsson, Eyþór Gunnþórsson, Alferð Örn Almarsson, Rafn Sveinsson og Kristján Árnason.

Fjórtán Stólmeistarar í 90 ára sögu Rúnar

Stólmeistarar St. Jóhannesarstúkunnar Rúnar eru 14 talsins frá stofnun hennar 5. ágúst 1932 til dagsins í dag. Vilhjálmur Þór var fyrstur en núverandi Stólmeistari, Daníel Guðjónsson, var settur í embætti 19. maí í fyrra. Ljósmyndir: Páll A. Pálsson.



Vilhjálmur Þór
1932-1942.



Friðrik J. Rafnar 1942-
1949.



Jakob Frímansson
1949-1964.



Jóhann Þorkelsson
1964-1970.



Þórður J. Gunnarsson
1970-1975.



Ragnar Steinbergsson
1975-1983.



Valur Arnþórsson
1983-1988.



Sigurður Jóhannesson
1988-1994.



Aðalsteinn V. Júlíusson
1994-1997.



Friðrik V. Þórðarson
1997-2004.



Ólafur Ásgeirsson
2004-2010.



Hreiðar Hreiðarsson
2010-2016.



Kristinn Eyjólfsson
2016-2021.



Daníel Guðjónsson
2021-



NIKE GOLFOVÖRUR FÁST
Í H VERSLUN OG Á HVERSLUN.IS





Svona verður Frímúrarahúsið á Akureyri útlits að loknum framkvæmdum. Óhætt er að fullyrða að hér sé mjög vel að verki staðið.

Kærkomin lyfta í Frímúrararahúsið á 90 ára afmælinu

Framkvæmdir við lyftubyggingu við Frímúrarahúsið á Akureyri eru langt komnar og verður hún tekin í notkun síðar á árinu. Að auki var ráðist í að fjölga snyrtingum í húsinu og stefnt að því að betrubæta þær sem fyrir voru. Þegar þetta er skrifað er ekki ljóst hvort náist að taka lyftuna óformlega í notkun þegar starf hefst í haust, en stefnt er að formlegri vígslu hennar í tengslum við 90 ára afmæli stúkunnar í október.

Langþráður draumur að rætast

Í lok árs 2020 samþykktu stjórnendur stúknanna þriggja á Akureyri að hefja fjársöfnun meðal bræðra til að safna fyrir lyftubyggingu við Frímúrarahúsið á Akureyri. Bréf þess efnis var sent bræðrum í febrúar 2021. Undirtektir voru mjög góðar og eftir að nauðsynleg leyfi höfðu fengist og teikningar samþykktar komst góður skriður á málið. Auk frjálsga framлага Rúnarbræðra verður framkvæmdin fjármögnuð með eigin fé og lántöku en áætlaður kostnaður er um 70 milljónir króna.

Fyrsta skóflustungan að byggingunni var tekin 15. maí 2021 og síð-



Hallgrímur Skaptason, R&K og fv. Stj.M. Stúartstúkunnar Akureyri, tekur fyrstu skóflustunguna að lyftubyggingunni í blíðskaparveðri 15. maí 2021. Úlfar Hauksson, R&K og fv. Stm. St. Andr.st. Huldar, Hreiðar Hreiðarsson, fv. Stm. St. Jóh.st. Rúnar og Sigurður J. Ringsted, 1. VM. Stúartstúkunnar Akureyri, fylgjast spenntir með.

an hafa framkvæmdir að mestu gengið samkvæmt áætlun. Helstu verktakar eru flestir úr hópi Rúnarbræðra auk þess sem fjölmargir bræður hafa lagt hönd á plóg í sjálfböðavinnu.

Ekki er einungis um það að ræða að reisa lyftubyggingu við húsið. Mjög mikil vinna hefur farið í að opna leiðir úr lyftubyggingunni inn í húsið

og ganga frá veggjum og gólfefnum á hverri hæð. Jafnframt var ráðist í að koma fyrir tveimur nýjum snyrtingum á hverri hæð. Eldri aðal snyrtingarnar verða áfram í kjallara hússins sem fyrr, en verða síðar talsvert endurbættar.

Bragi V. Bergmann

Fjölbreyttar lausnir fyrir hús & nýbyggingar



Einingahús CLT
krosslímt tré



Gluggar & hurðir



Límtré



Yleiningar

Strúktúr er með lausnina fyrir húsið

Allt sem við hugsum, allt sem við gerum, snýst um þig okkar viðskiptavin

Við erum alltaf klár í spjallið

Hafðu samband við okkur



Z Strúktúrhús



Utanhússklæðningar



Stálgrindarhús



Dúkar & þéttiborðar



Tilhlökkun að starfið verður aftur með eðlilegum hætti á afmælisárinu

-segir Daníel Guðjónsson, Stólmeistari St. Jóhannesarstúkunnar Rúnar

Daníel Guðjónsson var kjörinn Stólmeistari St. Jóh.st. Rúnar 28. apríl 2021 og settur í embætti af Eiríki Finni Greipssyni, Stórritara Reglunnar, þann 19. maí. Daníel er fjórtándi Stólmeistari stúkunnar frá upphafi og tók við embættinu í miðjum Covid-faraldrinum. Hann segir það verkefni hafa verið afar krefjandi en lítur björtum augum til komandi starfsárs en þá fagnar Rún 90 ára afmæli sínu. Hún er næstelsta frímúrarastúka landsins.

„Þegar ég tók við hafði starfið að miklu leyti legið niðri vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Voru því margir sem biðu eftir inngöngu og frömun á hærri stig. Við þessu var brugðist með því að hefja síðasta starfsár snemma í september og þrátt fyrir að nokkrir fundir legðust af sl. vetur þá tókst samt að vinna það upp og getum við því hafið næsta starfsár með venjulegum hætti. Til að þetta tækist þurfti góða samvinnu við Huld og Stúartstúkuna en þar glímdu bræðurnir við sams konar vandamál. Allt tókst þetta þó vonum framár,“ segir Daníel.

Varð ekki fyrir vonbrigðum

Áður en lengra er haldið er ekki úr vegi að rifja upp feril Daníels í Frímúrarareglunni. Hann gekk í Rún árið 1986, þá varðstjóri í Lögreglunni á Húsavík en hann var yfirlögregluþjónn í Lögreglunni á Akureyri 1995 til starfsloka 2017. Daníel starfaði í fræðslustúkunni Draupni á Húsavík til 1995 en frá þeim tíma í Rún á Akureyri. Hann var söngstjóri í Draupni og síðar í Rún til 2008, VM og AM í Rún frá 2009 og formaður Bræðranefndar Rúnar frá 2015. Daníel hefur verið stjórnandi Rúnarkórsins, kórs frímúrarabræðra á Akureyri, frá 2011 og áður undirleikari hans

Aðspurður um hvers vegna hann hafi gengið til liðs við Frímúrararegluna segir hann að hann hafi haft sögulegan áhuga á félagsskap af þessum toga, auk þess sem tveir eldri bræður sínir hafi þegar gengið í



Hreyfing og útivist eru meðal áhugamála Daníels. Hér er hann að lokinni 25 km skídagöngu árið 2021, svonefndri Hermannsgöngu.

Heyrnartæki sniðin að þínum þörfum

ÓKEYPIS
HEYRNAR
MÆLING!



HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



Ertu með allt
á hreinu?



Háaleitisbraut 58-60 • 108 Reykjavík • haaleiti@bjorg.is • Sími: 553 1380

Grand Hótel Reykjavík, stærsta funda- og ráðstefnuhótel Íslands

Grand Hótel Reykjavík hýsir fjölda viðburða, meðal annars ráðstefnur og sýningar, fyrirtækjaviðburði, stóra sem smáa fundi, verðlaunaafhendingar, fyrirlestra og fleira.

Salirnir henta einnig vel fyrir brúðkaup, samsæti, ættarmót, erfidrykkjur, móttökur eða aðrar veislur. Öll aðstaða og þjónusta er fyrsta flokks.

Grand Hótel Reykjavík er staðsett í rólegu umhverfi rétt við Laugardalinn.

Hafðu samband og við aðstoðum þig við að gera þinn viðburð, eins og þú vilt hafa hann.

Grand Hótel Reykjavík | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími: 514 8000 | info@grand.is | www.grand.is



Daníel og eiginkonan, María Ingadóttir, á leið á Systrakvöld Rúnar 2016.



Daníel Guðjónsson, Stólmeistari Rúnar og Ólafur Ásgeirsson, fv. Stólmeistari Rúnar, voru báðir lögreglumenn um langt árabíll og störfuðu lengi saman hjá Lögreglunni á Akureyri.

Regluna. „Frímúrarastarfið á Húsavík var að hefjast á þessum árum og ég lét til leiðast að taka þátt í því. Og ég get sagt alveg eins og er, ég varð ekki fyrir vonbrigðum – þvert á móti.

Einstakt og ómetanlegt

Daníel segir að formfestan sem starfið í Reglunni byggir á höfði til sín, eins og margra annarra lögreglumanna. „Annað sem hefur alltaf heillað mig er að þegar við sækjum frímúrarafundi aftengjum við okkur umhverfinu, eigum góða stund með bræðrunum og hlöðum batteríin upp á nýtt. Það er einstakt og ómetanlegt.“

Hann segir bræður í Reglunni eiga hrós skilið fyrir að virða án undantekninga þær reglur sem gilda. „Ég hef aldrei nokkurn tímann verið spurður út í starf mitt í lögreglunni innan veggja Reglunnar – og ég held að aðrir frímúrararbræður geti sagt sömu sögu hvað þá sjálfa varðar. Þangað kominn ertu varinn fyrir ytra áreiti, þar áttu þínar heilögu og

skemmtilegu stundir og nýtur þeirra til fullnustu án minnstu truflunar.“

Stefnt að vígslu nýs lyftuhúss á 90 ára afmælinu

Það er stöðugur og vaxandi áhugi á Reglunni, bæði á Akureyri og í fræðslustúkunum á Húsavík og Siglufríði, að sögn Daníels. „Það er talsvert um að yngri menn gangi nú til liðs við okkur og það hefur keðjuverkandi áhrif. Ég er því mjög bjartsýnn á framtíð starfsins.“

Hann segir að 90 ára afmælis Rúnar verði minnst með ýmsum hætti. „Í september bjóðum við bræður mökum okkar í dagsferð austur í Mývatns-sveit þar sem ýmislegt verður á dagskrá, m.a. dýrindis kvöldverður. Á afmælisfundinum sjálfum, sem haldinn verður 12. október, verður auðvitað mikið um dýrðir og stefnt er að því að nýja lyftuhúsið verði formlega vígt þá.“

Hann segir að með tilkomu þess verði auðvelt að fara um allt húsið, úr kjallaranum og upp í ris – stigarnir

verði ekki lengur þeir farartálmur sem þeir hafi lengi verið. „Þetta er mikið gleðiefni fyrir alla í Rún, bæði okkur bræðurna og ekki síður maka okkar sem koma í húsið á hátíðarstundum. Því er ekki að leyna að lyftuleysið hefur gert það að verkum að margir eldri bræður hafa hætt að sækja fundi mun fyrr en annars væri þar sem þeir hafi ekki treyst sér til að labba upp og niður stígana.“

Mikil tilhlökkun

„Ég hlakka mikið til komandi starfsárs og get varla beðið eftir að það hefjist. Við höfum þurft að fella niður hefjandi fundi í húsinu síðastliðin tvö ár. Við höfum líka þurft, tvö ár í röð, að fella niður stórar og mjög vinsælar samkomur á borð við Adventukvöld og Systrakvöld. Nú er sá tími að baki og mikil tilhlökkun að horfa til þess að starfið verði aftur með eðlilegum hætti,“ segir Daníel Guðjónsson, Stólmeistari Rúnar.

Bragi V. Bergmann



Sr. Friðrik var óskoraður leiðtogi Frímúrarastarfs á Akureyri í áratugi. Við útför hans frá Akureyrarkirkju stóðu bræður heiðursvörð. Á myndinni sést herra Ásmundur Guðmundsson, biskup Íslands, tala við moldun sr. Friðriks.

Friðrik J. Rafnar: Fyrsti biskup frímúrara á Íslandi

Sumarið 1937 var sr. Friðrik J. Rafnar kjörinn vígslubiskup Hólastiftis með öllum greiddum atkvæðum nema hans eigin. Með því varð hann fyrstur íslenskra frímúrara til að hljóta biskupsvígslu. Í áratugi leiddi hann, ásamt fleirum, uppbyggingu frímúrarastarfs á Norðurlandi. Hann var annar Stólmeistari St. Jóh.st. Rúnar árið 1943 og fyrsti Stólmeistari St. And.st. Huldar árið 1949.

Friðrik fæddist árið 1891. Hann var sonur hjónanna Jónasar Jónasonar, prófests og þjóðfræðings á Hrafnagili í Eyjafirði og Þórunnar Stefánsdóttur Ottesen húsfreyju. Hann var næstelstur í hópi átta systkina, en auk þeirra tóku þau Þórunn og sr. Jónas þrjú fósturbörn.

Lífsbaráttan var hörð á þessum árum. Til marks um það létust fjögur systkina Friðriks og fósturbörnin þrjú öll úr berklum á þrjátíu ára tímabili. Er það sennilega ekki tilviljun að einn bræðranna fjögurra frá Hrafnagili sem komust á legg nam læknisfræði og helgaði starfsævi sína baráttunni við hinn illviga sjúkdóm

sem lagt hafði meirihluta fjölskyldunnar á prestssetrinu að velli. Það var Jónas Rafnar, yfirlæknir á Kristneshæli.

Til þess að létta á hinum þunga heimilisrekstri hjá Jónasi og Þórunni var ákvörðun tekin um að senda Friðrik, þá nýfermdan, til frænku hans, Þóru Sigfúsdóttur og Garðars Gíslasonar manns hennar en þau bjuggu í Skotlandi og ráku þar umfangsmikla verslun. Þótti mörgum ljóst að með því væri teningunum um framtíð Friðriks kastað. Hann nam verslunarfræði í Leith Technical College og náði þar m.a. góðum tókum á ensku og þýsku. Undi hann hag

sínum vel þótt eflaust hafi fjarvistir frá foreldrum og systkinum reynt á unga manninn.

Að þremur árum liðnum hélt Friðrik aftur heim og hélt verslunarstörfum áfram. En hugurinn hneigðist annað og sagði hann síðar frá að trúrækni og guðsótti Skota hefði veitt sér innblástur og hvatningu. Innritaðist hann því í hinn nýstofnaða Háskóla Íslands og nam þar guðfræði við fót-skör manna á borð við sr. Harald Níelsson og dr. Jón Helgason, síðar biskup Íslands.

Sóttist Friðrik námið vel en annað veganesti en fræðin sjálf tók hann einnig með sér af þeirri braut. Í skólanum, sem var til húsa á jarðhæð Alþingishússins við Austurvöll, kynntist hann mörgum atgervis-mönnum sem einnig lögðu stund á nám við skólann. Áttu margir þeirra eftir að verða honum nánir vinir, samverkamenn og bræður í Frímúrarareglunni. Má þar nefna Ásgeir Ásgeirsson, síðar forseta Íslands, Sigurgeir Sigurðsson, síðar biskup Íslands og Gunnlaug Einarsson, síðar lækni. Sá síðastnefndi átti raunar eftir að greiða götu Friðriks inn í Frímúrararegluna sem einmitt var að taka á sig mynd hér á landi, þegar hinir ungu menn lágu yfir námsbókunum í nýstofnuðum háskólanum. Útskrifaðist Friðrik með embættispróf í guðfræði frá Háskóla Íslands árið 1915.

Við námslok var Friðrik viss um að hann vildi þjóna kirkju sinni og hugðist hann m.a. sækja um embætti að Hólmum í Reyðarfirði. Honum var hins vegar ætlaður annar staður og að fyrirskipan Þórhalls Bjarnarsonar, biskups, var hann skipaður sóknarprestur að Útskálum á Reykjanesi og tók þar við embætti 1. júní 1916. Þangað fluttist Friðrik ásamt eiginkonu sinni, Ásdísi Charlottu Guðlaugsdóttur, sem hann hafði kvænt fyrir um árið.

Urðu ungu hjónin fljótt mjög vinsæl á staðnum og tóku virkan þátt í uppbyggingu samfélagsins, m.a. með útgerð og sagði eitt sóknarbarnið löngu síðar að hinum harðduglegu sjómönnum á svæðinu hefði verið létt þegar í ljós kom að kirkjan hafði ekki sent þeim nein „stofubörn“ til þjónustunnar.

Enn var lífsbaráttan hörð á Íslandi og varla svo að landið hafi á þessum tíma verið komið inn í nútímann.



Í glæsilegum húsakynnum frímúrarara á Akureyri, sem vígð voru þegar sr. Friðrik gegndi embætti Stm. St. Jóh.stúkunnar Rúnar, hangir þetta skemmtilega en ófullgerða málverk Gunnlaugs Blöndal af sr. Friðrik.

Skipsskaðar voru tíðir og rétt fyrir utan Útskála fórst skip árið 1917 og misstu mörg börn á svæðinu í þeim harmleik feður sína. Tóku Ásdís og Friðrik son eins skipverjans til sín í fóstur. Áður en yfir lauk urðu fósturbörnin þrjú sem þau ólu upp sem sín eigin en þeim varð sjálfum ekki barna auðið.

Römm er sú taug

Flest benti til þess að Friðrik og Ásdís hefðu fest þannig rætur að Útskálum að ekkert myndi fá þau til þess að flytja sig um set. Hins vegar gerðist það árið 1927, rúmum áratug eftir að þau fluttust suður með sjó að sr. Geir Sæmundsson, vígslubiskup

og sóknarprestur á Akureyri andaðist. Freistaði þetta embætti sr. Friðriks, enda að mestu sama starf og faðir hans hafði þjónað fyrir á tíð. Að beiðni gamalla vina norðan heiða fór Friðrik norður og messaði á Akureyri. Var þá ekki aftur snúið og í prestskosningu hlaut Friðrik 761 atkvæði en sá sem á eftir honum kom 397.

Suðurnesjamenn voru reyndar ekki á því að sleppa takinu af sínum manni og var m.a. boðað til borgarafundar í Keflavík þar sem fjölmennur hópur skoraði á Friðrik að draga áform sitt til baka.

Sr. Friðrik var 36 ára gamall þegar hann fluttist að nýju norður með fjöl-

skyldu sína og þar átti hann eftir að verja starfsævi sinni og koma að mörgum framfaramálum Eyfirðinga.

Frimúrarinn

Það var árið 1923, á fjórða ári fullgilds stúkustarfs á Íslandi, sem Friðrik gekk í stúkuna Eddu. Það voru lækarnir Gunnlaugur Einarsson og Magnús Pétursson sem mæltu með honum og var hann skráður 139. reglubróðirinn hér á landi. Á þessum tíma voru þeir allir á lífi að Jóni J. Aðils, prófessor undanskildum sem lést 1920.

Á þeim tíma þegar Friðrik gekk í Regluna voru nokkrir guðfræðingar skráðir félagar þar. Prestarnir Guðmundur Einarsson, Magnús Jónsson og Haraldur Nielsson og kandidatarirnir Ásgeir Ágeirsson og Sveinn Sigurðsson höfðu gengið í Regluna á árunum 1919 til 1922 en um sama leyti og Friðrik gekk inn bættust einnig í hópinn prestarnir Sigurgeir Sigurðsson og Árni Sigurðsson auk Freysteins Gunnarssonar sem lokið hafði embættisprófi í guðfræði.

Friðrik tók öll stig Jóhannesarstúkunnar meðan hann gegndi prestsþjónustu á Útskálum. Þegar hann fluttist norður var engu formlegu frímúrarastarfi til að dreifa á Akureyri. Það átti þó eftir að breytast hratt, ekki síst fyrir tilstilli hans og ungs athafnamanns sem gekk í Eddu 1927. Þar var á ferðinni Vilhjálmur Þór, sem átti eftir að hafa mikil áhrif innan Reglunnar, ekki aðeins norðan heiða heldur á landsvísu.

Samhentir og í samfélagi við fleiri bræður komu þeir á fót stúkunni Rún, fræðslustúku fyrst og skömmu síðar fullgildri Jóh.stúku. Varð Vilhjálmur óskoraður leiðtogi starfsins frá 1931 og allt til loka áratugarins þegar hann var kallaður til starfa, fyrst erlendis og svo í Reykjavík. Sr. Friðrik stóð þétt við hlið hans og gegndi skyldum Stm. í fjarvistum hans. Árið 1942 fór svo að sr. Friðrik tók við embætti Stm. og gegndi því allt til ársins 1949 þegar fullgild Andr.stúka var stofnuð á Akureyri undir merkjum Huldar. Tók sr. Friðrik þá við því embætti og gegndi meðan starfskraftar leyfðu.

Um svipað leyti og starfið í Rún tók á sig mynd settist sr. Friðrik niður við það verkefni að þýða hina miklu sögulegu skáldsögu Alberts E. Brachvogel um Parcival – Síðasta musterisriddarann. Var það tveggja



Biskupshjónin. Frú Ásdís C. Guðlaugsdóttir og sr. Friðrik Rafnar. Hann klæðist biskupshempu og biskupskrossi en ber einnig stórriddarakross Fálkaorðunnar. Hann hlaut síðar stórriddarakross með stjörnu.

binda verk sem kom út í þýðingu Friðriks á árunum 1933 og 1934 og vakti það mikla athygli. Nýtur verkið raunar enn mikilla vinsælda, ekki síst meðal frímúrarara, jafnvel þótt verkið sé með öllu ófáanlegt nema til útláns á bókasöfnum og í einstaka einkasafni.

Öllum þessum störfum gegndi sr. Friðrik meðfram miklum önnum í opinberu embætti. Skrá sem sr. Sigurður Stefánsson, eftirmaður hans á biskupsstóli birti að Friðrik látnum, sýnir að hann hefur verið hamhleypa til verka. Skráðar guðsþjónustur á ferlinum voru 2.560 talsins, barnaskírnrir 3.804, fermingar 2.527, hjónavígslur 1.158 og jarðarfarir 1.580.

Kjörinn biskup

Til viðbótar almennum prests-störfum og þýðingarmiklu starfi við uppbyggingu frímúrarastarfs á Akureyri var sr. Friðrik kjörinn af samstarfsmönnum sínum til embættis vígslubiskups árið 1937 að Hálfðani Guðjónssyni biskupi látnum. Hlaut Friðrik öll greidd atkvæði að sínu eigin undanskildu eins og áður sagði. Var hann svo vígður að Hólum í Hjaltadal við hátíðlega athöfn þann 29. ágúst.

Varð sr. Friðrik með því fyrstur presta innan Frímúrarareglunnar til þess að hljóta biskupsvígslu, um ári á undan sr. Sigurgeiri Sigurðssyni sem kjörinn var biskup Íslands 1938 og

varð í fyllingu tímans ÆKR Frímúrarareglunnar þegar hún öðlaðist sjálfstæði undan dönsku reglunni árið 1951.

Frá árinu 1937 hafa sjö bræður í Reglunni hlotið biskupsvígslu. Ásamt sr. Friðrik og Sigurgeiri eru það í tímaröð Sigurður Stefánsson (1959), Pétur Sigurgeirsson (1969), Sigurður Guðmundsson (1981), Bolli Gústavsson (1991) og nú síðast Kristján Björnsson (2018).

Kirkjan reist

Allt frá aldamótunum 1900 höfðu Akureyringar óskað þess að reisa nýtt og glæsilegt guðshús í stað þess gamla sem mátti muna fífil sinn fegurri. Kom það í hlut sr. Friðriks á árunum eftir að hann hlaut biskupsvígslu að leiða starfið við byggingu Akureyrarkirkju. Er hún fyrir löngu orðin helsta kennileiti Akureyrar og þykir í hópi glæsilegustu guðshúsa landsins. Ber hún einnig höfundu sínum, Guðjóni Samúelssyni, fagurt vitni. Hann var um áratugaskeið virkur þátttakandi í starfi Frímúrarareglunnar og var þeim sr. Friðrik vel til vana.

Kom Friðrik að sjálfsögðu ekki einn að því verki að tryggja byggingu kirkjunnar. Þar lögðu margir hönd á plóg, m.a. Ásdís kona hans sem var í forystu kvenfélagsmála kirkjunnar. Var kirkjan vígð við hátíðlega athöfn árið 1940 og var á þeim tíma stærsta guðshús landsins.

Í kirkjunni eru allnokkur minningamörk um þau hjónin. Má þar m.a. nefna stórt og ógnarnákvæmt líkan af þrímastra skipi, svokölluðu barkskipi sem Jóhannes Ólafsson, rafvirkjameistari gaf kirkjunni í minningu þeirra. Hann var eitt þriggja fósturbarnanna sem þau tóku að sér á Útskálaárum. Önnur minnismarki er skjöldur sem Prestafélag Hólastiftis gaf til minningar um sr. Friðrik árið 1992 og þá birtir einn af steindum gluggum kirkjunnar mynd sr. Friðriks og sr. Sigurgeirs Sigurðssonar þar sem þeir standa skrýddir og minnir það á vígslu kirkjunnar á sínum tíma.

Langur ferill

Sr. Friðrik hlaut X. stig Frímúrarareglunnar á Íslandi árið 1954, tæpum þremur árum eftir að Reglan



Prestssetrið á Hrafnagili. Sr. Friðrik var sonur Þórunnar Stefánsdóttur Ottesen og Jónasar Jónassonar, prófasts á Hrafnagili í Eyjafirði. Sr. Jónas ritaði m.a. Íslenska þjóðhætti sem enn njóta mikilla vinsælda. Þórunn og Jónas misstu fjögur börn og þrjú fósturbörn úr berklum. Aðeins fjórir drengir komust til fullorðinsára.

hafði hlotið sjálfstæði. IX. stig hafði hann eins og fleiri br. hlotið á fundi í Kaupmannahöfn árið 1949.

Við síðustu stigtökuna var sr. Friðrik lotinn að kröftum vegna veikinda sem ágerst höfðu allt frá árinu 1951. Hann lét af embætti Stm. Huldar árið 1954 og sama ár lét af hann af prests- og prófastsstörfum. Sama ár var hann sæmdur að skipan Ólafs Lárussonar, SMR Frímúrarareglunnar á Íslandi, heiðursmerki Reglunnar. Varð hann fyrstur bræðra til þess að hljóta það og er það vottur um hversu mikils forystumenn Reglunnar hafa metið starf hans á undangengnum áratugum. Hin mikilvægu embætti sem hann gegndi skiptu vissulega sköpum en einnig aðkoma hans að uppbyggingu glæsilegra húsakynna Reglunnar á Akureyri. Þá skiptir ekki síður máli sú staðreynd að sr. Friðrik var meðmælandi 29 manna sem gengu í Regluna á árabílinu 1929-1952.

Fyrir störf sín í þágu íslenskrar kirkju hlaut Friðrik stórriddarakross Fálkaorðunnar árið 1945 og stórriddarakross með stjörnu var hann sæmdur árið 1958. Ólafur krónprins Noregs hafði einnig sæmt hann riddaraorðu Ólafs helga árið 1947 fyr-

ir störf í þágu Norðmanna sem dvöldu á Akureyri á tímum síðari heimsstyrjaldarinnar.

Sr. Friðrik andaðist á Fjórðungs-sjúkrahúsinu á Akureyri þann 21. mars 1959. Útför hans var gerð frá Akureyrarkirkju þann 2. apríl og fylgdi honum mikið fjölmenni. Þar stóðu m.a. heiðursvörð bræður úr Frímúrarareglunni en félagar úr prestastétt báru kistuna úr kirkju.

Stefán Einar Stefánsson.

Grein þessi byggir á útarlegu rannsóknarverki sem kynnt var á fundi í St. Jóh.stúkunnni Snorra sem haldinn var á Akureyri þann 19. mars 2022. Erindið verður aðgengilegt á bókasöfnum Reglunnar síðar á árinu.



Þéttsetinn aðalsalur ráðstefnunnar í Regluheimilinu í Reykjavík.

Ljósmyndir: Bjarni Ómar Guðmundsson

Fjöldmenni á fræðsluráðstefnu um Alzheimer og heilabilun

– tæplega 400 manns í 6 Regluheimilum og enn víðar um land

Sunnudaginn 3. apríl sl. var haldinn opin og efnismikil fræðsluráðstefna um Alzheimer og aðra heilabilunarsjúkdóma í Regluheiminu í Reykjavík, undir forystu Fræðslunefndar Frímúrarareglunnar í samstarfi við Alzheimersamtökin. Frímúrarareglan hefur látið sig heilabilunarsjúkdóma varða.

Margir bræður þekkja þennan sjúkdóm, sem er ein helsta áskorun heilbrigðisþjónustu okkar tíma. Ráðstefnan var því opin öllum bræðrum, fjölskyldum þeirra og vinum. Fjallað var um viðfangsefnið út frá fjórum

sjónarhornum, sem endurspegladist í vali á frummælendum – sjá nánar í kynningu hér: <https://frimurareglan.is/frettir/radstefna-um-alzheimer-sjukdominn-2/>. Erindi frummælenda voru fróðleg og áhrifamikil og snertu svo sannarlega við tilfinningum áheyrenda.

Um 270 manns sóttu ráðstefnuna í Regluheimilinu í Reykjavík, þar var húsfyllir. Einnig fylgdust um 95 manns með ráðstefnunni í streymi í fimm stúkuhúsum á landsbyggðinni; á Akureyri, Egilsstöðum, Sauðárkróki, Siglufirði og í Stykkishólmi. Alls 365

manns, en auk þess fylgdist fjöldi bræðra með ráðstefnunni á netinu í þeim tilvikum að stúkur gátu ekki efnt til samkomu í stúkuhúsum sínum, bræður voru veikir heima eða staddir erlendis, og fengu því sendan hlekk til að sitja ráðstefnuna í rauntíma. Því má varlega ætla að alls 400 manns hafi sótt ráðstefnuna.

Setið fyrir svörum

Að loknum framsöguerindum sátu frummælendur fyrir svörum. Ársæll Guðmundsson stýrði pallborðsumræðum og tók á móti fyrirspurnum úr

sal, en formaður Fræðslunefndar, Einar Kristinn Jónsson, ráðstefnu-
stjóri, var í beinu sambandi við
tengiliði stúkna út á landi og lagði
spurningar þeirra fyrir pallborðið,
sem var svarað greiðlega og skil-
merkilega.

„Hvernig getum við frímúrara-
bræður brugðist við ef einhver
bræðra okkar greinist með Alzheim-
er?“ Þetta var ein fjölmargra spurn-
inga frá áheyrendum. Eitt svarið var:
Takið eftir því hverjir eru hættir að
mæta á fundi, það eru oft einkennin,
að draga sig inn í skel. Hringið í þá,
hvetjið þá til að koma, sækið þá og
takið með ykkur á fund, keyrið þá
heim aftur, ekki láta þá detta úr fé-
lagslegum tengslum.

Tímamótaviðburður

Ráðstefnan var tímamótaviðburður. Í
fyrsta lagi var hér langfjölmennasti
viðburður á vegum Reglunnar í mörg
ár. Í öðru lagi var þessari stóru ráð-
stefnu streymt til margra staða í senn
þannig að bræður, fjölskyldur þeirra
og vinir, gætu hist í stúkuhúsum víða
um land – og var því góð kynning fyrir
Regluna út á við. Í þriðja lagi höfðu
frummælendur orð á því hve metnað-
arfull dagskráin var, þar sem sér-
fræðingar og leikmenn fjölluðu um
sjúkdóminn út frá fjórum sjónarhorn-
um samtímis.

Undir lok ráðstefnunnar las Arnar
Hauksson lækniur upp greinina *Lær-
dómur* eftir Magnús Karl Magnússon,
lækni og aðstandanda (eiginmann). Greinin
birtist nýlega í Læknablaði-
inu. Segja má að lesturinn hafi ramm-
að inn umræðuefni dagsins á áhrifrik-
an hátt, en Magnús var meðal
ráðstefnugesta.

Margir lögðu hönd á plóg

Guðmundur Kr. Tómasson, YAR,
oddviti Fræðaráðs, setti ráðstefnuna
og rakti m.a. framlög Frímúrara-
sjóðsins til ýmissa verkefna, s.s.
tengdum heilabilunarsjúkdómum.
Gunnar Þórólfsson, SRMR, sleit
henni með lokaávarpi. Fyrirlesurum
voru færðir blómvendir sem þakk-
lætisvott fyrir framlag þeirra.

Ráðstefnan þótti takast einstak-
lega vel og hafa Fræðslunefndinni
borist í kjölfarið fallegar kveðjur og
þakkir frá bræðrum. Tæknisvið
Reglunnar notaði m.a. 5 myndavélar
og 6 hljóðnema í beinu streymi ráð-
stefnunnar og tók hana um leið upp.



*Einar Kristinn Jónsson, formaður fræðslunefndar, í ræðustól, með honum er
Steingrímur B. Gunnarsson fræðslunefndarmaður.*



Öflugt pallborð sérfræðinga og leikmanna, f.v.: Steinunn Þórðardóttir, öldrunarlækniur, Vilborg Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Alzheimersamtakanna, Ragna Þóra Ragnarsdóttir, maki ungs manns með Alzheimer og sr. Vigfús Bjarni Albertsson, forstöðumaður sál-gæslu- og fjölskylduþjónustu Þjóðkirkjunnar.

Myndbandið er nú í eftirvinnslu og
verður fljótlega aðgengilegt.

57 bræður komu að undirbúningi
og störfum við sjálfa ráðstefnuna og
streymið frá henni, þar af 41 í Reglu-
heimilinu í Reykjavík og 16 úti á
landi. Fræðslunefnd færir öllum þess-
um bræðrum innilegar þakkir. Þá

færir Fræðslunefndin bestu þakkir
öllum þeim sem lögðu fram fyrir-
spurnir, sem auðguðu umræðuefnið,
sem og yfirstjórn Reglunnar og
Stjórnstofu fyrir mikilvæga aðstoð og
stuðning.

Frímúrarastarf í hefðbundinn farveg að nýju

Kæru bræður.

Nú þegar við sjáum fyrir endann á þessari óværu sem Covid er og sjáum fyrir lok þess hryllings sem veiran hefur gert okkur og öðrum þjóðum heims, þá þökkum við almættinu og þeirri góðu stjórn sem heilbrigðisyfirvöld, landlæknir og sóttvarnalæknir hafa staðið fyrir og farist vel úr hendi. Vonandi er þessi veira yfirstaðin, en annar óvættur er í fjarlægð sem gert hefur mikinn usla í Úkraínu. Rússar hafa fært stríð til Evrópu og ráðist með her sinn á nágrannaþjóð sína, Úkraínu. Þjóðir heims hafa stutt við bakið á úkraínsku þjóðinni með peningastyrkjum, hjálpargögnum ýmiss konar, hergögnum, mannafla o.fl.

Frímúrarareglurnar í Sænska kerfinu hafa styrkt hjálparstarf við íbúa og flóttafólk frá Úkraínu með peningagjöfum. Samtals tæpar 3 milljónir norskra kr. eða um 42 milljónir ísl. kr. hafa verið gefnar til hjálparstarfsins. Við vonum og biðjum að þessi peningagjöf hafi hjálpað þessari þjóð og að þjáningum hennar muni ljúka sem allra fyrst.

Nú þegar við sjáum fyrir okkur að við bræður í Frímúrarareglunni getum haldið áfram að sækja fundi eins og við gerðum fyrir Covid-tímann, er það afar mikilvægt að Stólmeistarar almennt, en þó sérstaklega í starfsstúkum Reglunnar, losi um þær stíflur sem upptökutregða milli stiga í Reglunni hefur skapað. Stólmeistarar haldi sem flesta upptökufundi; það eru fundir sem haldnir eru milli Gþ.-fundanna, sem eru fyrstu og síðustu fundir í Reglunni á hverju starfs-



Ljós. Guðmundur Viðarsson

Kristján Þórðarson SMR.

ári. Stólmeistarar noti allan þann tíma sem við höfum til fundahalda, bræðranefndir hafi samband við nýja bræður sem nánast ekkert hafa komist á frímúrarafundi, vegna Covid-faraldursins og hvetji þá til að koma aftur á fundi í Reglunni. Mikilvægi þessara nánú samskipta og bróðurþels hefur sjaldan verið meira aðkallandi.

Mikill hugur og áhugi er á Frímúrarastarfinu í Sænska kerfinu. Þannig er áhuginn mikill hjá skandinavísku bræðrum okkar og eru þeir allir komnir á fullt skrið í frímúrarastarfinu eins og við í íslensku Frímúrarareglunni.

Nú eru margar Stórstúkur að fara

af stað með sitt starf og okkur bræðrum í íslensku Frímúrarareglunni ber að taka þátt í alþjóðlegu frímúrarastarfi, við þurfum að sýna okkur og sjá aðra og taka þátt. Samstarfið þarf að efla.

Við þurfum einnig að vera duglegir hér heima að kynna Regluna, með kynningarfundum, og boðum um að skoða Regluheimilið. Halda þarf kynningarfundum í öllum stúkuhúsum innan Reglunnar um land allt. Nú þegar liggja fyrir umsóknir og óskir þar um, t.d. frá nemendahópum innan H.Í. Kynningarstarfið er þegar hafið og átak er í undirbúningi varðandi fræðslu- og kynningu á vegum Fastanefndar Erindreka, í samstarfi við Fræðaráð og einstaka starfsstúkur. Mikilvægt er að Stólmeistarar starfsstúknanna hefji undirbúning að slíku kynningarstarfi á næsta starfsári í sam-

starfi við Fræðaráð og Erindreka Reglunnar.

Bræður mínir. Ég óska ykkur öllum og fjölskyldum ykkar gleðilegs sumars og vonast til að sjá ykkur alla við góða heilsu í haust þegar starfið byrjar að nýju. Þá þakka ég ykkur mikið og gott starf á starfsárinu sem nú er að renna sitt skeið.

*Kristján Þórðarson,
Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi*



Ljós. Jón Svavarsson

Þrír bræður voru sæmdir heiðursmerki Reglunnar á Stórhátíð 2022, Smári Ólason, Eddu, Haukur Arnarr Gíslason, Röðli og Jón Símon Karlsson, Rún, sem hér eru ásamt Kristjáni Þórðarsyni, Stórmeistara Reglunnar.

Þrír bræður sæmdir heiðursmerki Reglunnar á Stórhátíð 2022

Stórhátíð Frímúrarareglunnar á Íslandi 2022 var haldin fimmtudaginn 17. mars undir stjórn R&K r.k. Kristjáns Þórðarsonar SMR. Að þessu sinni var engin frömun til R&K, en þrír bræður voru sæmdir Heiðursmerki Reglunnar (HmR) fyrir störf sín í þágu hennar. Þeir eru Smári Ólason, Eddu, Haukur Arnarr Gíslason, Röðli og Jón Símon Karlsson, Rún.

Á hátíðinni tilkynnti SMR um breytta skipan tónlistarmála Reglunnar með stofnun embættis Kantors og greindi frá því að br. Jónas Þórir Þórisson hefði verið skipaður til að gegna því fyrstur (sjá frétt á bls. 11). Jafnframt lætur br. Jónas Þórir af embætti S Landsstúkunnar, en við því embætti tekur br. Gunnar Gunnarsson, en þeir tveir sáu um tónlistina á Stórhátíðinni.

Fundurinn fór að mestu fram án takmarkana vegna sóttvarna (COVID-19) en ekki að öllu leyti þó, til dæmis var ekki fjöldasöngur bræðra. Einsöng sá br.óðir Eiríkur Hreinn Helgason, Stm. Eddu, um.

Þrír fyrrverandi Stólmeistarar St.

Andr.stúkna, Árni Gunnar Kristjánsson, Huld, Guðmundur Hagalín Guðmundsson, Heklu og Már Sveinbjörnsson, Hugin, voru sæmdir viðurkenningu fyrrverandi Stólmeistara.

Þá voru eftirtaldir bræður sæmdir viðurkenningu fyrrverandi Stólmeistara St. Jóh.stúkna: Guðmundur Steingrímsson Eddu, Kristinn Eyjólfsson, Rún, Alfreð Erlingsson, Njálu, Hallmundur Hafberg, Gimli, Ólafur Magnússon, Hamri, Ásgeir Björgvin Einarsson, Mælifelli, Árni Gunnarsson, Snorra, Óskar Vignir Bjarnason, Vöku og Jóhann Loftsson, Lilju.

Þá fluttu IVR og FHR sínar árlegu skýrslur um starfsemi og fjárhag Reglunnar. Jafnframt var birt tilskipun SMR um skipan embætta í Reglunni, Landsstúkunninni og Stúartstúkunninni á Akureyri, sem og í Ráðum Reglunnar. Sjá má embættaskipanina á vef Reglunnar www.frimurara-reglan.is í frétt frá 17. mars: Embættisskipan 2022.

Stórhátíðina sóttu 156 bræður.



Ljós. Sigurður Júlíusson

Gunnar Bragason.

Nýr Stólmeistari St. Jóh.st. Fjölnis

Þann 22. mars sl. fór fram Stólmeistarakjör í St. Jóh.stúkunninni Fjölni í Reykjavík. Kjörinn var br. Gunnar Bragason og var hann settur í embættið af HSM, Kristjáni Sigmundssyni, þann 5. apríl sl.

Gunnar er fæddur 24. mars 1961 á Hellu, sonur hjónanna Jóns Braga Gunnarssonar og Stefaníu Unnar Þórðardóttur. Gunnar lauk stúdentsprófi frá Samvinnuskólanum árið 1981 og útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1986.

Starfsvettvangur Gunnars í rúma þrjá áratugi hefur verið tengdur endurvinnslu- og umhverfismálum, síðast sem forstjóri Terra hf. frá 2015 til 2021. Gunnar starfar núna við ráðgjöf.

Gunnar gekk í St. Jóh.stúkuna Fjölni 2006. Í Fjölni hefur hann gegnt embættum v.Y.Stv., v.E.Stv., E.Stv. og VM.

Gunnar er kvæntur Helgu Sigurðardóttur, sjúkraþjálfara og myndlistarkonu, og eiga þau samtals 4 börn og 10 barnabörn.

Vefverslunin Bróðir.is gefin Frímúrarareglunni

Netverslunin brodir.is hefur verið starfrækt undanfarin ár, með hvers kyns búnað, svo sem hatta, hanska, hnappa og fleira. Nú hafa eigendur vefsins ákveðið að hætta rekstri hans og gefa lager verslunarinnar og nafnið (veffangið) til Frímúrarareglunnar á Íslandi. Af þeim sökum liggur vefurinn niðri um stundarsakir.

SMR ákvað að taka við þessari höfðinglegu gjöf og setti af stað vinnuhóp til að koma málinu í höfn.

Vefurinn verður fljótlega opnaður aftur á nýrri heimasíðu með sama veffangi, www.brodir.is. Mun allur hagnaður af rekstri vefsins renna til styrktarsjóða R. Öll vinna við hönnun nýs vefs sem og allt starf við rekstur og birgðahald verður unnið í sjálfboðavinnu bræðra.

Fyrri eigendur vefsins, hjónin María Anna Clausen og br. Ólafur Vigfússon, hafa átt og rekið vefverslunina í tæpan áratug og látið hagnað af rekstri hennar renna til styrktarsjóða R. á liðnum árum. Eru þeim færðar einlæggar og bróðurlegar þakkir fyrir ómetanlegan stuðning á liðnum árum og þessa einstöku og höfðinglegu gjöf sem þau hafa nú afhent R.

Svo vitnað sé til orða þeirra hjóna af þessu tilefni hér í lokin þá voru þessi orð m.a. látin falla: „Við vonum



María Anna Clausen og Ólafur Vigfússon.

Ljós. Sigurður Júlíusson

að Bróðir.is vaxi og dafni í fangi Reglunnar og að bræður verði hér eftir sem hingað til duglegir að versla

við Bróðir.is og afla þar með áfram fjármuna til góðra verka.“

Frímúrarareglan styrkir flóttafólk frá Úkraínu

Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi, Kristján Þórðarson, samþykkti þann 12. apríl 2022, að veittur yrði umtalsverður fjárstyrkur til Rauða krossins á Íslandi til stuðnings við flóttafólk frá hinu stríðshrjáða landi, Úkraínu.

Styrkurinn kemur úr sjóðum Reglunnar, sem eru byggðir upp á beinum fjárframlögum bræðra innan hennar. Þess má geta að Frímúrarareglunnar á Norðurlöndunum sam-mæltust um nauðsyn aðgerða gagnvart þessari neyð.

Við afhendingu styrksins kom fram hjá Kristínu S. Hjálmtýsdóttur, framkvæmdastjóra Rauða krossins, að þörfin á stuðningi væri mikil, bæði hér innanlands, í löndum Evrópu og síðast en ekki hvað síst í Úkraínu. Þétt net stuðnings- og hjálparfólks alþjóða Rauða krossins sé byggt á mjög langri sögu og reynslu þúsunda sjálfboðaliða, sem njóti eða að minnsta kosti eigi að njóta alþjóðlegrar friðhelgi stríðandi afla og því sé samtökunum mögulegt að veita aðstoð við fólk á átakasvæðum sem og flóttafólki

vítt og breitt um heiminn, sem yfirgefið hefur vígvellina í heimalandinu.

Að sögn Kristínar má gróflega áætla að fjöldi flóttafólks hér á landi sé kominn yfir 800 einstaklinga, en ýmsar sviðsmyndir geri ráð fyrir því að sá fjöldi geti margfaldast. Styrkur Frímúrarareglunnar kæmi sér ákaflega vel og væri virkilega þakkarverður. Bað hún fyrir einlæggar þakkar til bræðra og fjölskyldna þeirra.

Sigurður Örn Einarsson, fyrrum SMR: Hálföld í Reglunni

Í tilefni þess að þann 1. febrúar 2022 voru 50 ár liðin síðan Hæstupp- lýstur R&K br. Sigurður Örn Einarsson, fyrrverandi SMR, gekk til liðs við Frímúrararegluna á Íslandi, minntust Glitnisbræður þessara tímamóta á fundi í stúkunni sem haldinn var 23. febrúar sl. Br. Sigurður Örn hélt erindi á fundinum þar sem hann sagði frá upptöku sinni í Regluna þann 1. febrúar 1972, en þá gekk hann í St. Jóh.st. Eddu. Tæpum þremur árum seinna, þann 11. janúar 1975, á stofndegi St. Jóh.st. Glitnis, gerðist br. Sigurður Örn einn af stofnfélögum Glitnis.

Br. Sigurður Örn Einarsson hefur gegnt fjölda ábyrgðarstarfa fyrir stúkuna Glitni og Frímúrararegluna á Íslandi í gegnum árin og var meðal annars Stm. Glitnis á árunum 1982-1988 og SMR á árunum 1999-2007.

Stm. Glitnis, br. Vilhjálmur Skúlason, færði br. Sigurði Erni kveðjur og gjafir frá Glitnisbræðrum í tilefni þessara tímamóta.




Sigurður Örn Einarsson, fyrrum SMR og Vilhjálmur Skúlason, Stólmeistari Glitnis.

TOYOTA ÞJÓNUSTA

ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



Smiðjuvegi 68 (gul gata), Kópavogi
www.bifreidaverkstaedi.is

S:587 1350



TILBOÐ

2 fyrir 1

af margskiptum glerjum

PLUSMINUS | OPTIC

Smáralind - Sími 517 0317 - www.plusminus.is

Æðstu kennimenn Frímúrara- reglunnar 1951–2018, seinni hluti

Séra Hreinn Hjartarson

Séra Hreinn Hjartarson var fæddur 31. ágúst 1933 á Hellissandi. Hann var sonur hjónanna Jóhönnu Vigfús-dóttur húsfreyju og Hjartar Jónssonar, útvegsbónda og hreppstjóra. Hreinn lauk embættisprófi í guðfræði, cand. theol., frá Háskóla Íslands 1961. Stundaði framhaldsnám í guðfræði í Pýskalandi veturinn 1968-1969. Hreinn var vígður 1963 til að gegna embætti sóknarprests í Ólafsvíkuprestakalli. Árin 1966-1969 sinnti hann jafnframt aukabjónustu í Búða- og Hellnasókn og í Setbergsprestakalli. Var ráðinn sendiráðsprestur í Kaupmannahöfn 1970 og þjónaði íslenska söfnuðinum þar í fimm ár. Var forstöðumaður Húss Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn á sama tíma. Var skipaður sóknarprestur í Fella- prestakalli í Reykjavík 1975 og þjónaði þar til 1987 og síðan í Fella- og Hólaprestakalli til 2002 er hann lét af störfum fyrir aldurs sakir. Samhliða pretsþjónustu sinni var Hreinn stundakennari við Barna- og unglingaskóla Ólafsvíkur, Fellaskóla í Reykjavík og Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

Hreinn sat í stjórn Kristilegs stúdentafélags í nokkur ár. Var formaður skólanevndar- og barnaverndarnevndar í Ólafsvík. Var trúnaðarmaður við samræmd próf grunnskólanna. Hreinn sat á kirkjuþingi frá 1982 sem fulltrúi Reykjavíkuprófastsdæmis og í kirkjuráði frá 1990. Var formaður stjórnar Kirkjuhússins og útgáfufélagsins Skálholts frá 1990. Sat í stjórn Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og Hjálparstarfs kirkjunnar um tíma. Hann var varafulltrúi í Nordiska ekumeniska Ráðet og aðalfulltrúi um tíma. Séra Hreinn skrifaði hugvekjur og greinar í dagblöð og tímarit. Þar má nefna Kristilega stúdentablaðið og Kirkjuritið. Var ritstjóri Safnaðarfrétta Fella- og Hólasóknar.

Séra Hreinn gekk í Jóhannesarstúkuna Eddu þann 17. nóvember



Séra Hreinn Hjartarson.

1964. Síðar í Andrésarstúkuna Helgafell. Varð Riddari og Komm- andör R&K 21. mars 1981. Gegndi embætti Staðgengils Æðsta kennimans SÆK 1982-1994, embætti Æðsta kennimans ÆKR 1994-2005 og sat í Æðsta Ráði Reglunnar ÆR. Hreinn hlaut heiðursmerki Jóhannesarstúknanna Eddu og Röðuls.

Séra Hreinn andaðist 28. mars 2007. Eftirlifandi eiginkona hans er Sigrún Ingibjörg Halldórsdóttir, fyrrverandi tónmennta- og heimilisfræðikennari. Þau eignuðust fjögur börn.

Séra Þórir Stephensen

Séra Þórir Stephensen er fæddur 1. ágúst 1931 í Reykjavík. Hann er sonur hjónanna Þóru Daníelsdóttur Stephensen húsfreyju og Ólafs Stephensen, öku- og skrifstofumanns í Reykjavík. Þórir lauk embættisprófi í guðfræði, cand. theol., frá Háskóla Íslands 1954. Stundaði framhaldsnám í kennimannlegri guðfræði í Pullach í Bayern í Suður-Pýskalandi 1964-1965. Sótti endurmenntunarnámskeiði í trúfræði við Háskóla Íslands 1965 og námskeið um æskulýðs-



Séra Þórir Stephensen.

mál í Carberry Tower í Skotlandi 1971. Stundaði nám í skjalavörslu og skjalasöfnun við Háskóla Íslands 1990 og viðbótarnám í kirkjusögu við Háskóla Íslands 1990-1992 og lauk þaðan M.A. prófi 2002.

Þórir var vígður árið 1954 til að gegna embætti sóknarprests í Staðarhólsþingum í Dölum. Var ráðinn sóknarprestur í Sauðárkróksprestakalli 1960. Sinnti jafnframt aukabjónustu í Garpdalssókn 1954-1960 og í Staðarfellssókn 1956-1958. Á árinu 1971 var Þórir ráðinn aðstoðarprestur séra Jóns Auðuns við Dómkirkjuna í Reykjavík og jafnframt settur til að gegna hálfu embætti dómkirkjuprests frá sama tíma. Var skipaður sóknarprestur í Dómkirkjuprestakalli 1973 og gegndi því embætti til ársins 1988 er hann var ráðinn staðarhaldari í Viðey. Séra Þórir lét af störfum vegna aldurs 2001. Samhliða pretsþjónustu sinni var Þórir stundakennari við Barnaskóla Sauðárkróks, Gagnfræðaskóla Sauðárkróks og Hagaskóla í Reykjavík.

Þórir var formaður Bræðrafélags, kristilegs félags stúdenta um tíma. Í

Dalасыslu sinni séra Þórir jafnframt fræðslu- og byggðamállum. Á árunum 1954-1960 sat hann þar m.a. í skólanefndum, í fræðsluráði, stjórn Byggðasafnsnefndar og Héraðsbókasafns. Á Sauðárkróki tók hann jafnframt virkan þátt í margháttuðum félagssörfum. Var formaður fræðsluráðs, sat í barnaverndarnefnd, var formaður Æskulýðsráðs Sauðárkróks um tíma, sat í stjórn Æskulýðsambands Þjóðkirkjunnar í Hólastifti og var formaður Hólafélagsins um tíma. Var forseti Rótarýklúbbs Sauðárkróks 1969-1970. Sat í stjórn Hjálparstofnunar kirkjunnar og í Æskulýðsnefnd Þjóðkirkjunnar og var formaður um tíma. Var fulltrúi Prestafélags Íslands í Launamálaráði BHM 1982-1989 og í námsmats- og námsleyfanefnd 1992-1999.

Séra Þórir hefur verið afkastamikill á ritvellingum. Af bókum hans má nefna; Menntasetur að Viðeyjararklaustri, Dómkirkjan í Reykjavík I-II og Saga kirkjugarða Reykjavíkurprófestsdæmis frá upphafi til ársloka 1951. Hann skrifaði bæklinga m.a. um sögu og náttúru Viðeyjar og um sögu og gripi Dómkirkjunnar í Reykjavík. Skrifaði fjölda hugvekja í Morgunblaðið og greinar í tímarit og má þar nefna Kirkjuritið, Tíðindi Prestafélags hins forna Hólastiftis og Æskulýðsblaðið. Annaðist þýðingu á kristinni trúfræði eftir þá Ebbe Arvidsson og Tage Bentzer. Sat í ritnefnd Safnaðarblaðs Dómkirkjunnar og gaf út Skagfirskar æviskrár.

Séra Þórir hlaut Riddarakross hinnar íslensku Fálkaorðu fyrir störf sín í þágu kirkju, sögu og samfélags.

Séra Þórir gekk í Jóhannesarstúkuna Mími 30. október 1978. Síðar í Andrésarstúkuna Helgafell. Varð Riddari og Kommandör R&K 20. mars 1993. Gegndi embætti Æðsta kennimanns ÆKR 2005-2009 og sat í Æðsta Ráði Reglunnar ÆR. Séra Þórir hefur hlotið heiðursmerki Jóhannesarstúknanna Mímis, Fjölnis og Mælifells.

Eiginkona séra Þóris er Dagbjört Gunnlaugsdóttir Stephensen, fyrrverandi starfsmaður öldrunarþjónustu. Pau eignuðust þrjú börn.

Séra Örn Bárður Jónsson

Séra Örn Bárður Jónsson er fæddur 23. nóvember 1949 á Ísafirði. Hann er sonur hjónanna Salóme Margrétar Guðmundsdóttur húsfreyju og Jóns



Séra Örn Bárður Jónsson.

Örnólfs Bárðarsonar, kaupmanns á Ísafirði og síðar iðnrekanda í Garðabæ. Örn Bárður stundaði nám í guðfræði við biblíuskóla, Youth With a Mission í Englandi 1977-1978. Hann lauk embættisprófi í guðfræði, cand. theol., frá Háskóla Íslands árið 1984. Stundaði framhaldsnám við Fuller Theological Seminary í Pasadena í Kaliforníu og varð doktor þaðan í safnaðaruppbyggingu (Doctor of Ministry) 1995. Las prédikunarboðmiðlunarfræði við Yale Divinity School í Connecticut í Bandaríkjunum 2009.

Örn Bárður var vígður djákni til þjónustu í Grensássöfnuði 1979. Var vígður 1984 til að gegna embætti aðstoðarprestis í Garðasókn í Garðabæ. Skipaður sóknarprestur í Grindavíkurprestakalli 1985. Var verkefnisstjóri safnaðaruppbyggingar á vegum Þjóðkirkjunnar 1990-1995 og fræðslustjóri Þjóðkirkjunnar 1995-1999. Settur prestur í Neskirkju um tíma, skipaður þar prestur 2002 og sóknarprestur 2004. Þjónaði söfnuði ensku biskupakirkjunnar (Church of England) í Malaga á Spáni 2001. Séra Örn Bárður var prestur í Norsku kirkjunni frá haustdögum 2014 til 2019, er hann lét af störfum vegna aldurs. Hann er nú fluttur heim til Íslands.

Séra Örn Bárður er einn af frumkvöðlum að stofnun hreyfingarinnar Lúthersk hjónahelgi og var í alþjóðastjórn hreyfingarinnar um tíma.



Séra Vigfús Þór Árnason.

Hann hefur setið í mörgum nefndum, ráðum og stjórnunum á vegum Þjóðkirkjunnar og má þar nefna; Héraðsnefnd Kjalarnesprófestsdæmis. Nefnd um safnaðaruppbyggingu. Stjórn Nordisk kirkelig studieråd (fræðsluráð norrænna kirkna um fullorðinsfræðslu). Stjórn Leikmannaskóla Þjóðkirkjunnar sem formaður. Stjórn og útgáfuráð Kirkjuhússins og Skálholtsútgáfunnar. Skólaráð Skálholtsskóla og framkvæmdanefnd skólans. Kristnihátíðarnefnd sem ritari. Var kosinn á Stjórnlagaping 2010. Átti sæti í kjaranefnd Prestafélags Íslands 1986-1999. Séra Örn Bárður hefur sótt fundi og ráðstefnur bæði innanlands og utan vegna starfa sinna.

Auk doktorsritgerðar um safnaðaruppbyggingu, sem Örn Bárður ritaði við Fuller theological Seminary, hefur hann skrifað margar skýrslur og greinar er tengjast framangreindum störfum hans. Greinar hans hafa m.a. verið birtar í Kirkjuritnu og Árbók kirkjunnar en þar var hann ritstjóri um tíma. Hann annaðist þýðingu á Skýrslu trúar- og skipulagsnefndar Alkirkjuráðsins um skírnina, altarisakramentið og embætti kirkjunnar, sem gefin var út af Kirkjuráði 1984.

Séra Örn Bárður gekk í Jóhannesarstúkuna Glitni 21. apríl 1976 og síðar í Andrésarstúkuna Hlín. Varð Riddari og Kommandör R&K 22.

mars 2007. Gegndi embætti Staðgengils Æðsta kennimanns SÆK 2007-2009, embætti Æðsta kennimanns ÆKR 2009-2016 og sat í Æðsta Ráði Reglunnar ÆR. Séra Örn Bárður hefur hlotið heiðursmerki Jóhannesarstúknanna Glitnis og Hlínar.

Eiginkona séra Arnar Bárðar var Bjarnfríður Jóhannsdóttir sjúkraliði Börn þeirra og stjúpbörn eru 5.

Séra Vigfús Þór Árnason

Séra Vigfús Þór Árnason er fæddur 6. apríl 1946 í Reykjavík. Hann er sonur hjónanna Huldu Theodóru Öldu Halldórsdóttur húsfreyju og Árna Ingvars Vigfússonar bifreiðarstjóra í Reykjavík. Vigfús Þór lauk embættisprófi í guðfræði, cand. theol., frá Háskóla Íslands árið 1975. Stundaði jafnframt nám í uppeldis- og kennslufræði við Háskóla Íslands 1974-1975. Stundaði framhaldsnám í félagslegri siðfræði og trúfræði við Ludwigs Maximilian Universität í München 1975-1976 og framhaldsnám í trúfræði, prédikunarfræði, sálusorgun og fjölmiðlafræði við Pacific School of Religion-Graduate Theological Union í Berkeley í Kaliforníu 1988-1989.

Vigfús Þór var vígður 1976 til að gegna embætti sóknarprests í

Siglufjarðarprestakalli. Gegndi þá jafnframt um tíma aukabjónustu í Barðs- og Knappstaðasókn. Samhliða prestspjónustu sinni á Siglufirði var Vigfús Þór jafnframt stundakennari við Barna- og Gagnfræðaskólann þar á stað. Skipaður fyrsti sóknarprestur í Grafarvogsprestakalli í Reykjavík 1989 og gegndi þar starfi sóknarprests þar til hann lét af störfum fyrir aldurs sakir 2016.

Séra Vigfús Þór sat í stjórn Félags guðfræðinema og sem formaður um tíma. Sat í Stúdentaráði H.Í. um tíma. Á Siglufirði sinnti Vigfús Þór margháttuðum félagsstörfum bæði í bæjarfélaginu og kjördæminu. Var formaður Æskulýðsráðs Siglufjarðar. Sat í bæjarstjórn og bæjarráði Siglufjarðarkaupstaðar 1978-1982. Sat þá jafnframt í félagsmálaráði og skólaneftnd Siglufjarðar. Var formaður Norræna félagsins á Siglufirði um tíma. Var í stjórn Rauðakrossdeildar Norðurlands, sat í fræðsluráði kjördæmisins og var í stjórn Æskulýðsambands kirkjunnar í Hólastifti. Vigfús Þór sat í stjórn Hjálparstofnunar kirkjunnar, stjórn Ráðgjafarbjónustu um fjármál heimilanna og í stjórn og framkvæmdastjórn Fjölskyldubjónustu kirkjunnar. Sat í

stjórn Prestafélagsins 1986-1992, bæði sem ritari og formaður. Vigfús Þór hefur tekið virkan þátt í starfi Lionshreyfingarinnar. Var formaður Lionsklúbbs Siglufjarðar um tíma og stofnfélagi Lionsklúbbsins Fjörgynjar í Grafarvogi og formaður þar um tíma. Séra Vigfús Þór hefur sótt fundi og ráðstefnur bæði innanlands og utan vegna starfa sinna.

Vigfús Þór hefur ritað ýmsar greinar m.a. í Kirkjuritið, Sveitarstjórnarmál og Víðförla. Var ritstjóri Orðsins, rits Félags guðfræðinema, um tíma. Var ritstjóri Safnaðarblaðs Siglufjarðarkirkju Kirkjuklukkan og Safnaðarblaðs Grafarvogssóknar Logafold.

Vigfús Þór hefur hlotið æðsta heiðursmerki Lionshreyfingarinnar The Melvin Jones Award fyrir störf sín í þágu hennar sem og æðstu orðu Lionsmanna á Íslandi svo nefnda Kjaransorðu. Er heiðursfélagi Kórs Grafarvogskirkju. Hefur hlotið gullmerki Siglufirðingafélagsins og Knattspyrnufélagsins Vals.

Séra Vigfús Þór gekk í Jóhannesarstúkuna Rún á Akureyri 31. október 1979 og síðar í Andrésarstúkuna Huld. Starfaði sem kennimaður í Fræðslustúkuni Dröfn á Siglufirði. Gekk í Jóhannesarstúkuna Glitni 22. apríl 1992 og var stofnfélagi í Andrésarstúkunnar Hlínar. Varð Riddari og Kommandör R&K 19. mars 2009. Gegndi embætti Staðgengils Æðsta kennimanns SÆK 2015-2016. Gegnir embætti Æðsta kennimanns ÆKR frá 2016 og situr í Æðsta Ráði Reglunnar ÆR. Séra Vigfús Þór hefur hlotið heiðursmerki Jóhannesarstúknanna Glitnis, Hlínar og Rúnar.

Eiginkona séra Vigfúsar Þórs er Elín Pálsdóttir, kennari og fyrrverandi forstöðumaður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þau eiga þrjú börn.

Séra Vigfús Þór Árnason

Heimildir:

Guðfræðingatal 1947-2002 I. og II. Vefurinn

**Minningarkort
bræðranefndar
fást á www.frmr.is**



Minjasafnið

Stigastólpi á Minjasafni Reglunnar

Árið 1909 flutti Ludvig Emil og Astrid Thomsen kona hans ásamt syni þeirra, Gunnari, í Hverfisgötu 4, sem síðar varð nr. 28 og stendur beint á móti Danska sendiráðinu.

Þetta er tveggja hæða hús ásamt kjallara og risi. Árið 1918 var búið að endurbæta húsið, komið vatnssalerni og baðkar. Húsið var hitað upp með ofnum og olúkyndingu og með eldhúsi í kjallara. Einnig var byggður nýr inngangur af 1. hæð og stigi á 2. hæð. Þetta var byggt sem viðbót vestan megin við húsið. Í forstofu hússins var sérsmíðaður stigastólpi eða súla sem frímúraramerkið var á.

Á fjórða áratug síðustu aldar flutti Ludvig og fjölskylda hans í nýtt hús, Flókagötu 1.


Árið 1985 var farið í að gera upp Hverfisgötu 28, og bauð eigandinn El-

ínu Kaaber að taka stólpann ef hún vildi. Hún talaði við bróður sinn, Svein Kaaber, föður minn, og fór ég með honum og sótti stólpann. Ég var með hann í nokkur ár, og hugsaði mér að nota hann í nýju húsi mínu í Gerðhömrum. Ég sá síðar að hann myndi ekki passa þar. Því fór ég með hann á minjasafn Reglunnar.

Rætt var um það, að með sérstökum hætti væri hægt að opna stólpann og sjá hvað væri geymt inni í honum. Það hefur ekki tekist ennþá að mér vitandi.

Stólpinn var löngu farinn úr húsinu, þegar það brann að hluta til.

Sverrir Örn Kaaber



Sveinn Kaaber við stigastólpann.



Styrktarauglýsingar




**Hjóla
sprettur**
VERSLUN OG VIÐGERÐIR



SKRIFSTOFUVÖRUR



HLÍÐARKAUP



www.norlandair.is



Grundarstíg 5
Sími 894 7584



Styrktarauglýsingar



Gillibo ehf
Málningarþjónusta
Gísli Björgvinsson

Sími 821-2026 - Netfang: gillibo61@gmail.com

PROMENNT

HÁSANDUR

Birkiási 36, 210 Garðabæ
862 0192

REGALO

FASTUS

THG ARKITEKTAR

Stjornublastur ehf.
Fjarðargötu 1, Seyðisfirði
Sími 472 1300



BDO



A Faktoring

Rekstrarfjármögnun fyrir fyrirtæki



www.eskja.is

Álnabær

www.alnabaer.is



Nesey ehf



BLUE LAGOON
ICELAND



NY S.P.R.A.U.T.U.N
BÍLAMÁLUN & RÉTTINGAR
Sími 421 2999 • www.nysprautun.is

QUORUM

www.quorum.is

M
MEITILL

Vörðufell
BYGGINGAVERKTAKAR
vordufell@simnet.is • vordufell.is



HS ORKA HF
www.hsorka.is

LESMÍÐJA ÓLAFS R. GUÐJÓNSSONAR
SMÍÐJUVÖLLUM 6
AKRANES - Sími 431 3022

Heiðveig Helgadóttir lætur af störfum eftir 24 ára farsælan starfsferil hjá Reglunni

Tryggð og traust milli starfsmanns og atvinnurekenda er ekki sjálfgefið og það samfellt í 24 ár. En það er einmitt staðan milli Frímúrarareglunnar á Íslandi og Heiðveigar Helgadóttur, sem lokið hefur farsælum starfsferli sínum í þjónustu við Regluna, við ræstingar og umsjón með búnaði og áhöldum í Regluheimilinu við Bríetartún.

Hún Heiða, eins og við köllum hana hér í Bríetartúninu, lauk sínum síðasta starfsdegi þann 11. mars 2022. Af þessu tilefni var henni til heiðurs og þakklætis haldið hófstíllt kveðjuhóf, á síðasta vinnudegi hennar, þar sem skrifstofustjóri flutti henni nokkur þakkarorð og árnaðaróskir um farsæla framtíð og br. Jens Sandholt færði henni smá þakklætisvott.

Heiða er gift br. Tómasi Halldóri Ragnarssyni sem hefur starfað lengi og dyggilega og gerir enn, innan Reglunnar, eða allt frá árinu 1976. Þannig standa mál að á sama tíma er br. Tómas að ljúka farsælum starfsferli sínum hjá Stjórnarráðinu. Þau hjón munu því svífa saman inn í framtíðina og fylgja þeim einlægur árnaðaróskir um hjarta og farsæla framtíð.

Það er ekki hrist fram úr erminni að sjá um þrif og misviðkvæman búnað í þessu völunderhúsi sem er hvorki meira né minna en 5.446 fermetrar að



Jens Sandholt Yf.Kv., Heiðveig Helgadóttir og Eiríkur Finnur Greipsson, skrifstofustjóri á Stjórnstofu.

gólffleti! Þó stór hluti þessa flatar máls sé ekki ræstur daglega né falli undir umfang „umhyggjustarfs“ ræstitækna hússins er margs að gæta.

Frá árinu 2014 hefur Kristbjörg Þ.

Gunnarsdóttir starfað með Heiðu og hefur Kristbjörg nú verið ráðin í fullt starf. Hún er að sjálfsögðu boðin hjartanlega velkomin.

Styrktarauglýsingar



Skjalasafnið

Einkaskjalasafn 418

Frímúraraskjöl í Borgarskjalasafninu

Eitt af verkefnum Skjalasafns Reglunnar er að aðstoða fræðimenn við heimildaleit. Sú leit verður oftast í skjalasafninu sjálfu eða í gögnum innan Reglunnar sem ekki eru enn komin í skjalasafnið. Þó er rétt að hafa í huga að merkar heimildir um íslenska frímúrara og frímúrarastarf getur verið að finna utan Reglunnar. Hér verða dagbækur br. Carls Olsen teknar sem dæmi.


Carl Olsen og dagbækur hans

Carl Bertram Herman Olsen (1880-1972) var einn af frumkvöðlum frímúrarastarfs á Íslandi. Hann gekk í St. Jóh.stúkuna Zorobabel og Frederik til det kronede Haab (Z & F) 1915 og fluttist í St. Jóh.stúkuna Eddu við stofnun hennar. Carl gegndi ýmsum embættum sem frímúrari, nær samfelld frá stofnun fræðslustúku í Reykjavík 1918 og til 1963. Ítarleg frásögn af lífsferli og frímúrarastörfum Carls Olsen birtist í Frímúrararanum, 1. tölublaði 10. árgangs, apríl 2014.

Á Borgarskjalasafni Reykjavíkur eru varðveittar í 17 öskjum dagbækur Carls sem hann hélt samfelld á árunum 1916-1968. Dagbækurnar mynda einkaskjalasafn númer 418. Borgarskjalasafnið hefur látið skanna allar dagbækurnar. Aðgangur að dagbókunum er öllum heimill á lestrarsal Borgarskjalasafns Reykjavíkur og rafrænt á heimasíðu Borgarskjalasafns, www.borgarskjalasafn.is. Í dagbókunum segir Carl frá ýmsu í rekstri fyrirtækisins Nathan & Olsen og öðrum viðskiptaumsvifum, viðburðum í fjölskyldunni, fréttum í bænum, heimsfréttum og mörgu öðru.

Einnig nefnir hann frímúrarastarfið. Hann minnst á frímúrararandi og bætir þá oft við athugasemdum, meðal annars um gæði fræðsluerinda.

Stundum getur verið erfitt að átta



Ljós. Halldór Baldursson

Dagbókarfærsla Carls Olsen 23. júlí 1951. Lítið er skrifað um fyrirtæki eða fjölskyldu, en því meira um stofnun Frímúrarareglunnar á Íslandi.



Dagbók Carls Olsen árið 1951.

Ljós. Halldór Baldursson

sig á merkingu orða, til dæmis þegar minnst er á „pelíkanafundi“, en þar kom br. Bent Scheving Thorsteinsson (1922-2015) til bjargar. Hann skýrði frá því að á árum seinni heimsstyrjaldar hefðu nokkrir hæst settu frímúrararnir á Íslandi stundum kallað sig pelíkana vegna þess að þeir vildu leggja mikið á sig til að efla frímúrarastarf hér á landi á þessum óvissutímum, en í tákn málsfræðum er pelíkaninn tákn fórnfýsinnar. Við nánari athugun kom í ljós að pelíkanarnir voru Bráðabirgðayfirstjórn sú sem kosin var haustið 1940 til að stjórna frímúrarastarfi á Íslandi eftir að samband hafði rofnað við stjórn Reglunnar í Danmörku við hernám Þjóðverja. Metha, eiginkona Carls, er gjarnan nefnd „Sören“ í dagbókunum og þegar minnst er á „himnaríki“, er átt við kaffistofu frímúrarara, sem tók til starfa vorið 1945, sjá grein í Frí-

múranum, 2. tölublaði 11. árgangs, desember 2015.

Um heimildaleit

Dagbækur Carls Olsen hafa hér verið teknar sem sýnishorn heimilda um sögu frímúrarastarfs sem finna má utan Reglunnar. Einnig skal bent á vefsíðuna einkaskjalasafn.is sem er samskrá yfir einkaskjalasöfn á Íslandi í vörslu Þjóðskjalasafns Íslands, hér- aðsskjalasafna eða Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns. Auðvelt er að leita þar að skjalasöfnum einstakra manna, félaga og fyrirtækja.

Innihald einkaskjalasafna er ýmis- konar, til dæmis bréfasöfn og gögn um rekstur fyrirtækja og ýmissa áhugamannafélaga. Þá má nefna veffangið timarit.is, en þar er hægt að leita að greinum, fréttum og tilkynningum í hundruðum íslenskra blaða og tímarita.

Skjalavörður Reglunnar er reiðubúinn að leiðbeina fræðimönnum innan Reglunnar um heimildaleit vegna rannsókna þeirra.

*Haldór Baldursson,
Skjalavörður Reglunnar*

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUT • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



SAGE

R8 CORE



KRAFTUR **MÝKT** **NÆMNI**

Ný byltingarkennd flugustöng frá SAGE!


Öll framþróun í hönnun og framleiðslu flugustanga undanfarin ár byggir á nýjungum í lími sem bindur saman koltrefjar.

Í fyrsta skipti í fjöldamörg ár, ný flugustöng úr nýrri gerð koltrefja.

Með þessari nýju byltingarkenndu framleiðslutækni hefur stangarsmiðum **SAGE** tekist að búa til flugustöng með gríðarlegum krafti sem býður upp á mikla línuhröðun en um leið með djúpri vinnslu, mikilli mýkt og einstakri næmni.

Við erum búnin að prófa. – Við erum orðlaus!

Kíktu til okkar í Síðumúla 8 og prófaðu nýju **SAGE R8 Core** stöngina sem á eftir að breyta leiknum.



VEIÐIHORNIÐ



TRAUSTR FJÓLSKYLDUFYRIRTÆKI FRÁ 1998

Síðumúla 8
108 Reykjavík
S: 568 8410
veidihornid.is